

**SAMANTEKT**



# Þróunarskýrsla 2007/2008

**Baráttan við loftslagsbreytingar:**  
Samstaða manna í sundruðum heimi



Copyright © 2007  
by the United Nations Development Programme (UNDP) Nordic Office and the United Nations Association of Iceland

All rights reserved. No part of this publication may be reproduced, stored in a retrieval system or transmitted, in any form or by any means, electronic, mechanical, photocopying, recording or otherwise, without prior permission.

Printed by Phoenix Design Aid

*Technical editing:* Christine Drud, UNDP Nordic Office

*Icelandic Publication Editing:* Tryggvi Jakobsson, United Nations Association, Iceland

*Icelandic Publication Coordinators:* Guðrún Helga Jóhannsdóttir and Throstur Freyr Gylfason, United Nations Association, Iceland

*Icelandic translation:* Jon D. Thorsteinsson

*Cover:* talking-box

*Information design:* Mapping Worlds, Phoenix Design Aid and Zago

*Layout:* Phoenix Design Aid

For a list of any errors or omissions found subsequent to printing, please visit our website at <http://hdr.undp.org>



SAMANTEKT

# Þróunarskýrsla 2007/2008

**Baráttan við loftslagsbreytingar:**  
Samstaða manna í sundruðum heimi



Printed by United Nations  
Development Programme (UNDP)  
Nordic Office  
Phone: (45) 35 46 70 00  
Fax: (45) 35 46 70 95  
P.O. Box 2530, DK-2100 Copenhagen

United Nations Association of Iceland  
Miðstöð Sameinuðu þjóðanna  
Laugavegi 42, 2. hæð, 101 Reykjavík  
E-mail: [una@un.is](mailto:una@un.is), Web: [www.un.is](http://www.un.is)  
Phone: (354) 552 6700  
Fax: (354) 552 6010

# Formáli

Áhrif þess sem nú er að gerast í heiminum vegna loftslagsbreytinga munu vara lengur en þessa öld. Þær gróðurhúsalofttegundir sem við sendum út í gufuhvolftið verða þar til ársins 2108 eða lengur. Með öðrum orðum, núna veljum við kosti sem hafa áhrif á okkar eigið lífen þó enn frekar á líf barna okkar og barnabarna. Það er einmitt þessi staðreynd sem gerir loftslagsbreytingar erfðari en önnur viðfangsefni stjórnmálamanna.

Loftslagsbreytingar eru nú vísindaleg staðreynd. Erfðara er að segja nákvæmlega fyrir um áhrif loftslagsbreytinganna. Við vitum þó nóg til þess að fullyrða að í þeim felist stórir áhættuþættir sem valdið geta miklum hörmungum, þar á meðal bráðnun jökla á Grænlandi og á vestanverðu Norðurheimskautssvæðinu (sem gæti leitt til þess að stór landssvæði færu undir hækkanði yfirborð sjávar) og breytingum á Golfstraumnum sem valda munu alvarlegum loftslagsbreytingum.


Við berum ábyrgð á framtíð barna okkar og verðum því að gera ráðstafanir þegar í stað til að koma í veg fyrir stórtjón. Við vitum ekki nákvæmlega fyrir fram hve miklar loftslagsbreytingarnar verða en það er ekki nægileg ástæða þess að sitja með hendur í skauti. Við vitum að hættan er fyrir hendi. Við vitum að tjónið vegna losunar gróðurhúsalofttegunda verður ekki bætt í náinni framtíð. Við vitum að það verður víðtækara með hverjum degi sem við höfumst ekki að.

Í raun er heimurinn margþættur en ekki einsleitur: Í honum býr fólk með mismunandi tekjur og efni og loftslagsbreytingarnar hafa mismunandi svæðisbundin áhrif. Loftslagsbreytingarnar hafa þegar áhrif á nokkur fátækustu og berskjölduðustu samfélög heimsins. Einmitt þess vegna er talið að það sé brýnt að gera ráðstafanir þegar í stað. Meðalhækkun á hita í heiminum um 3°C (miðað við hitafar fyrir iðnbyltingu) mun á næsta áratug valda staðbundinni hækkan hita sem sums staðar getur orðið tvöfalt hærri. Afleiðingar slíkrar hækkanar í formi þurrka, veðuröfga, fellibylja í hitabeltinu og


hækkanar sjávarborðs heimshafanna munu þegar á okkar tímum hafa áhrif á mikinn hluta Afríku, mörg eyjasamfélög og strandsvæði. Miðað við meðaltal vergrar landsframleiðslu í heiminum hafa skammtímaáhrifin ef til vill ekki verulega þýðingu – en fyrir ýmsa hinna fátækustu í heiminum verða áhrifin hörmuleg.

Til langs tíma eru loftslagsbreytingar stórfelld ógn við þróun lífskjara og á sumum stöðum hafa þær þegar haft áhrif á aðgerðir alþjóðasamfélagsins til að stemma stigu við fátækt. Þróunaraðstoð mætir æ fleiri hindrunum vegna loftslagsbreytinganna. Við erum því knúin til að líta á bártúna gegn fátækt og loftslagsbreytingum sem tvíþætta baráttu þar sem hvor þátturinn styður hinn þannig að sigur vinnist samtímis á báðum vígstöðvum. Árangur verður mældur á kvarða aðlögunar, þar sem loftslagsbreytingar munu hafa djúpstæð áhrif á fátækustu ríki heims þrátt fyrir að farið verði í strangar aðgerðir til að takmarka losun strax.

Mesta ógnunin sem tengist loftslagsbreytingunum felst í því misræmi sem nú ríkir að auðugu löndin, sem hafa skapað vandann, eru ekki sá aðili sem í náinni framtíð mun þjást mest vegna loftslagsbreytinganna. Það eru hins vegar fátækustu þjóðirnar, sem aldrei hafa átt umtalsverðan þátt í losun gróðurhúsalofttegunda, sem eru berskjaldaðastar. Þar á milli standa lönd með meðaltekjur sem nú þegar og í vaxandi mæli valda verulegri losun – en þessi lönd eru ekki með jafnmikinn yfirdrátt á koltvíoxíð-reikningi heimsins og ríku löndin, og þessi lönd eru enn með litla losun koltvíoxíðs, reiknað á hvern íbúa. Við verðum í sameiningu að finna siðræna og pólitískt viðunandi lausn sem gerir okkur kleift að hefja markvissa baráttu gegn loftslagsbreytingunum þótt við séum nú ekki sammála að því er varðar ójafna skiptingu afleiðinga og ábyrgðar í heiminum. Við vonum að Þróunarskýrsla SP 2007/2008, muni auðvelda umræðuna og gera okkur kleift að ná lengra í baráttunni gegn loftslagsbreytingunum.



Jakob Simonsen  
forstjóri Norðurlandaskrifstofu Þróunaráætlunar  
Sameinuðu þjóðanna, UNDP



Tryggvi Jakobsson  
formaður Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi

## Samstarf UNDP og Félags SP á Íslandi:

Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi og Norðurlandaskrifstofa Þróunaráætlunar Sameinuðu þjóðanna hafa unnið saman um nokkurt skeið. Árið 2005 var fyrst haldin öflug kynning á Þróunarskýrslu Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Á þessu ári var opnað fyrsta íslenska vefsetrið tileinkað 2015-markmiðunum [Þúsaldarmarkmiðunum], [www.2015.is](http://www.2015.is), fyrir tilstuðlan Félags Sameinuðu þjóðanna í samvinnu við Norðurlandaskrifstofu Þróunaráætlunar SP. Þar sem ekki eru skrifstofur frá Þróunaráætlun SP eða Umhverfisstofnun SP á Íslandi, eða íslenskir starfsmenn á Norðurlandaskrifstofu þeirrar fyrrnefndu, hefur Félag SP verið talinn besti og eini rökrétti valkosturinn um samstarf við UNDP. Etlunin er að vinna áfram í góðu samstarfi um upplýsinga- og kynningarmál á þróunarmálum, og málefnum þróunarlanda með 2015-markmiðin að leiðarljósi.

Copyright © 2007

by the United Nations Development Programme (UNDP) Nordic Office and the United Nations Association of Iceland

All rights reserved. No part of this publication may be reproduced, stored in a retrieval system or transmitted, in any form or by any means, electronic, mechanical, photocopying, recording or otherwise, without prior permission.

Printed by Phoenix Design Aid

*Technical editing:* Christine Drud, UNDP Nordic Office

*Icelandic Publication Editing:* Tryggvi Jakobsson, United Nations Association, Iceland

*Icelandic Publication Coordinators:* Guðrún Helga Jóhannsdóttir and Throstur Freyr Gylfason, United Nations Association, Iceland

*Icelandic translation:* Jon D. Thorsteinsson

*Cover:* talking-box

*Information design:* Mapping Worlds, Phoenix Design Aid and Zago

*Layout:* Phoenix Design Aid

For a list of any errors or omissions found subsequent to printing, please visit our website at <http://hdr.undp.org>

# Efnisyfirlit

## 1. hluti Baráttan við loftslagsbreytingar: Samstaða manna í sundruðum heimi

Íslensk þýðing samantektar Þróunarskýrslu Sameinuðu þjóðanna 2007/2008 bls. 5

## 2. hluti Skýringarmyndir, textareitir og sérstök framlög

Figure 1: Rising CO2 emissions are pushing up stocks & increasing temperature	bls. 7
Figure 2: Rich countries – deep carbon footprints	bls. 12
Figure 3: The 21st Century carbon budget is set for early expiry	bls. 14
Figure 4: Halving emissions by 2050 could avoid dangerous climate change	bls. 15
Figure 5: Disaster risks are skewed towards developing countries	bls. 16
Figure 6: Climate change will hurt developing countries agriculture	bls. 16
Figure 7: Latin America's retreating glaciers	bls. 17
Figure 8: Coal set to raise CO2 emissions in power sector	bls. 21
Figure 9: Increased coal efficiency could cut CO2 emissions	bls. 22
Figure 10: Developed country investments dwarf international adaptation funds	bls. 23
Sérstakt framlag frá Ban Ki-moon	bls. 9
Sérstakt framlag frá Desmond Tutu	bls. 24
Table 1: Carbon footprints at OECD levels would require more than one planet	bls. 8
Table 2: Emission reduction targets vary in ambition	bls. 19
Table 3: The multilateral adaptation financing account	bls. 23
Table 4: Investing in adaptation up to 2015	bls. 25
Map 1: Mapping the global variation in CO2 emissions	bls. 13
Tilmæli	bls. 27
Viðauki, table 1	bls. 29

## 3. hluti Tölfræði

Vísar um þróun lífshjara: Valdar vísitölur úr Þróunarskýrslu Sameinuðu þjóðanna 2007/2008

Skýring hugtaka og skammstafana	bls. 30
Table 1: Human development index	bls. 31
Table 1a: Basic indicators for other UN member states	bls. 35
Table 3: Human and income poverty: developing countries	bls. 36
Table 10: Survival: progress and setbacks	bls. 39
Table 17: OECD-DAC country expenditures on aid	bls. 43
Table 22: Energy and the environment	bls. 44
Table 23: Energy sources	bls. 48
Table 24: Carbon dioxide emissions and stocks	bls. 52
Table 25: Status of major international environmental treaties	bls. 56
Table 28: Gender-related development index	bls. 60



## Baráttan við loftslagsbreytingar: Samstaða manna í sundruðum heimi

„Stöðug þróun lífskjara er hvorki sjálfvirk né óumflýjanleg. Við okkur blasir sú staðreynd að morgundagurinn er í dag. Við stöndum andspenis brýnum kröfum nútímans. Hugsanlegt er að of seint verði brugðist við þessum aðsteðjandi vanda í sögu mannkynsins. Við getum hrópað í örvæntingu og bedið tímann að standa kyrran en tíminn daufheyrist við hverri bæn og æðir áfram. Á legsteinum horfinna menningarsamfélaga má lesa þessi átakanlegu orð: Of seint.“

Martin Luther King Jr., *‘Where do we go from here: chaos or community’*

Martin Luther King mælti þessi orð í predikun um félagslegt réttlæti fyrir fjórum áratugum og þau eru enn í fullu gildi. Í upphafi 21. aldar stöndum við einnig andspenis „brýnum kröfum“ sem skapast af vá sem tengir nútíð og framtíð. Þessi vá er loftslagsbreytingar. Enn er hægt að koma í veg fyrir þessa vá – en aðeins naumlega. Heimurinn hefur minna en áratug til að breyta um stefnu. Ekkert málefni krefst brýnni athygli – eða jafn tafarlausra aðgerða.

Loftslagsbreytingar eru það sem ræður úrslitum um þróun lífskjara á okkar tímum. Öll þróun snýst fyrst og fremst um að auka mannlega getu og auka frelsi manna. Hún snýst um það að menn þrói þá hæfileika sem gera þeim kleift að velja kosti og lifa því lífi sem þeir meta mest. Loftslagsbreytingar geta grafið undan frelsi manna og fækkað valkostum. Þær setja spurningarmerki við þá grundvallarreglu upplýsingastefnunnar að framfarir muni gera framtíðina bjartari en fortíðina.

Fyrstu hættumerkin eru þegar sýnileg. Nú verðum við beinlínis vitni að því sem gæti verið upphaf að meiriháttar afturför í þróun lífskjara á okkar dögum. Víða í þróunarríkjunum eru milljónir af fátækasta fólki heims þegar knúnar til að takast á við áhrif loftslagsbreytinga. Þessi áhrif draga ekki að sér athygli fjölmiðla sem

fyrirboðar um veraldarhamfarir. Þeirra gætir hvorki á fjármálamörkuðum né við mælingu á vergri landsframleiðslu (GDP). En aukið álag vegna þurrka, öflugra fellibylja, flóða og umhverfisáhrifa hamlar viðleitni hinna fátæku í heiminum til að skapa betra líf fyrir sig og börn sín.

Loftslagsbreytingar munu grafa undan alþjóðlegri viðleitni til að berjast gegn fátækt. Fyrir sjö árum komu helstu stjórnmalaleiðtogar heimsins saman til að ákveða markmið um hraðari framfarir í þróun. 2015–markmiðin [Þúsaldarmarkmiðin] skilgreindu ný markmið fyrir 2015. Mikill árangur hefur náðst þótt mörg ríki séu enn ekki á réttri leið. Loftslagsbreytingar hamla viðleitni til að efna 2015–markmiðin. Þegar litið er til framtíðar er hættan sú að þróunin muni stöðvast og síðan gangi til baka sú þróun sem tekið hefur kynslóðir að byggja upp, ekki aðeins í þá átt að draga úr sárri fátækt, heldur einnig hvað varðar heilbrigði, fæðuöflun, menntun og fleiri svið.

Það hvernig heimurinn bregst við loftslagsbreytingum á líðandi stund mun hafa bein áhrif á þróunarhorfur fyrir stóran hluta mannkynsins. Mistök munu ofurselja 40% íbúa heims, þá fátækustu – um 2,6 milljarða manna – framtíð skertra tækifæra. Þau munu

Loftslagsbreytingar eru áhrifarík áminning um það eina sem okkur öllum er sameiginlegt. Það er kallað plánetan Jörð. Allar þjóðir eiga sameiginlegt gufuhvolf

stuðla að djúpstæðum ójöfnuði innan ríkja. Og þau munu grafa undan jákvæðum áhrifum hnattvæðingar og efla hinn mikla mismun ríkra og fátækra.

Í heimi nútímans eru það þeir fátæku sem bera hitann og þungann af loftslagsbreytingunum. Í framtíðinni verður það mannkynið allt sem stendur andspænis þeim hættum sem fylgja hnattrænni hlýnun. Ör aukning gróðurhúsalofttegunda í gufuhvolfi jarðar breytir loftslagshorfum fyrir kynslóðir framtíðarinnar í grundvallaratriðum. Við færumst smám saman út á ystu nöf. Þar verður framvindan ófyrirsjáanleg og líkur á vistfræðilegum stórslysum – hraðari eyðing mestu jökla jarðarinnar er dæmi um slíkt – myndu breyta búsetumynstri manna og grafa undan þjóðarbúskap ríkja. Ekki er víst að kynslóð okkar lifi það að sjá þessar afleiðingar. En börn okkar og barnabörn hafa ekki umannað að velja en lifa við þær. Baráttan gegn fátækt og ójöfnuði og hætta á stórslysum í framtíðinni eru sterk rök fyrir brýnum aðgerðum nú.

Sumir álitsgjafar halda fram óvissu um það sem framtíðin ber í skauti sér sem ástæðu fyrir takmörkuðum viðbrögðum við loftslagsbreytingum. Þessi rök halda ekki. Vissulega eru margar óþekktar stærðir: loftslagsvísindi snúast um líkindi og hættur, ekki um vissu. En ef við metum mikils velferð barna okkar og barnabarna þarf aðeins litlar líkur á stórslysum til að réttlæta forvarnir. Og óvissan er á tvo vegu: hætturnar gætu verið meiri en við gerum okkur grein fyrir í dag.

Loftslagsbreytingar krefjast brýnna aðgerða nú þegar til að bregðast við hættu sem ógnar tveimur hópum sem lítið láta til sín heyra: hinum fátæku í heiminum og komandi kynslóðum. Það vekur mjög mikilvægar spurningar um félagslegt réttlæti, jöfnuð og mannréttindi þvert á lönd og kynslóðir. Í Þróunarskýrslu Sameinuðu þjóðanna (*Human Development Report 2007/2008*) fjöllum við um þessar spurningar. Við göngum út frá því að orrustuna gegn loftslagsbreytingum getum við – og verðum – að vinna. Heiminn skortir hvorki fjármagn né tækniþekkingu til að bregðast við. Ef okkur mistekst að draga úr áhrifum loftslagsbreytinga er það vegna þess

að við getum ekki vakið pólitískan vilja til samvinnu.

Slík niðurstaða myndi ekki aðeins sýna skort á pólitísku hugmyndaflugi og forystu, heldur einnig stærri siðferðisbrest en dæmi eru um í sögunni. Á 20. öldinni ollu pólitísk mistök tveimur heimsstyrjöldum. Milljónir manna guldu dýru verði stórslys sem hægt var að forðast. Hættulegar loftslagsbreytingar eru stórslys sem hægt er að komast hjá í framtíðinni. Kynslóðir framtíðarinnar munu dæma hart þá kynslóð sem horfði á sannanir fyrir loftslagsbreytingum, gerði sér grein fyrir afleiðingunum en hélt síðan áfram á þeirri braut sem dæmdi milljónir af berskjaldaðasta fólki heims til fátæktar og skapaði hættu á vistfræðilegu stórslysi fyrir komandi kynslóðir.

### Vistfræðileg gagnkvæmni


Loftslagsbreytingar eru frábrugðnar öðrum vandamálum sem snúa að mannkyninu – og þær knýja okkur til að hugsa á annan hátt á mörgum sviðum. Fyrst og fremst skora þær á okkur að hugsa um hvað það þýðir að lifa sem hluti af vistfræðilega innbyrðis háðu mannlegu samfélagi.

Vistfræðileg gagnkvæmni er ekki óhlutstætt hugtak. Við lifum nú í heimi sem er sundraður á mörgum sviðum. Fólk býr við mjög mismunandi efni og mismunandi tækifæri. Á mörgum svæðum veldur mismunandi þjóðerniskennd deilum. Trú, menning og þjóðerni valda allt of oft sundrunu. Burtséð frá öllum þessum mismun eru loftslagsbreytingar áhrifarík áminning um það eina sem okkur öllum er sameiginlegt. Það er kallað plánetan Jörð. Allar þjóðir eiga sameiginlegt gufuhvolf. Og við eigum aðeins eitt gufuhvolf.

Hnattræn hlýnun er til marks um það að við erum að ofhlaða burðargetu gufuhvolfs jarðarinnar. Gróðurhúsalofttegundir sem loka hitann inni í gufuhvolfi jarðar eru að safnast upp hraðar en nokkru sinni fyrr. Núverandi þéttleiki hefur náð 380 milljónustu hlutum (ppm) af koltvísýringisígildi (CO<sub>2</sub>e) sem er herra en náttúrulegt magn síðustu 650.000 ár. Á 21. öldinni eða lítið eitt lengri tíma gæti meðalhiti á jörðinni hækkað um meira en 5°C.



Til að setja þessa tölu í samhengi er þetta jafnt hitabreytingunni frá síðasta jökulskeiði ísaldar – tímabili þegar stór hluti Evrópu og Norður-Ameríku var þakinn eins kílómetra þykkum jökli. Mörk hættulegra loftslagsbreytinga eru um 2°C hækkun.



Þessi mörk eru almenn skilgreining á því hvenær mjög erfitt yrði að forðast hraða afturför í þróun lífskjara og óafturkallanlegt vistfræðilegt tjón.

Að baki þessum tölum og mælingum er einföld yfirgnæfandi staðreynd. Við sýnum skeytingarleysi og óstjórn að því er varðar vistfræðilega gagnkvæmni. Í reynd er kynslóð okkar að safna ósjálfbærum vistfræðilegum skuldum sem komandi kynslóðir munu erfa. Við erum að lækka hlutabréfin í umhverfiseign barna okkar. Afleiðingar alltof mikils útblásturs gróðurhúsalofttegunda munu koma fram sem hættulegar loftslagsbreytingar.

Komandi kynslóðir eru ekki eini hópurinn sem þarf að takast á við vandamál sem hann hefur ekki skapað. Hinir fátæku í heiminum munu hljóta fyrstu og skaðlegustu áföllin. Auðugu ríkin og borgarar þeirra bera ábyrgð á yfirgnæfandi meirihluta þeirra gróðurhúsalofttegunda sem bundnar eru í gufuhvolfi jarðar. En fátæk ríki og borgarar þeirra munu greiða loftslagsbreytingarnar dýru verði.

Stundum gleymist að það er öfugt hlutfall milli ábyrgðar á loftslagsbreytingum og varnarleysis gegn áhrifum þeirra. Í opinberri umræðu hjá ríkum þjóðum er lögð vaxandi áhersla á þá hættu sem skapast af vaxandi útblæstri gróðurhúsalofttegunda í þróunarríkjum. Þessi hættu er raunveruleg. En hún ætti ekki að skyggja á það vandamál sem að baki býr. Mahatma Gandhi velti því einu sinni fyrir sér hve margar plánetur þyrfti til ef Indland myndi iðnvæðast að hætti Bretlands. Við getum ekki svarað þeirri spurningu. En við áætluðum í þessari skýrslu að ef öll ríki heims framleiddu gróðurhúsalofttegundir í sama mæli og sum þróuð ríki þyrftum við níu plánetur.

Hinir þurfandi í heiminum losa lítið kolefni en bera hitann og þungann af ósjálfbærri vistfræðilegri stjórnun. Í auðugum ríkjum hefur aðlögun að loftslagsbreytingum einkum falist í því að endurstilla hitastilla, fást við lengri og heitari sumur og fylgjast með árstíðabundnum breytingum veðurfars. Í borgum eins og London og Los Angeles kann að skapast flóðahætta þegar sjávarmál hækkar en íbúar þeirra eru verndaðir með margbrotnum flóðvarnarkerfum. Öðru máli gegnir þegar hlýnun jarðar breytir veðurmynstri yfir Norðaustur-horni Afríku, þá bregst uppskera, fólk sveltur og konur og ungar stúlkur eyða fleiri klukkustundum í að afla vatns. Þrátt fyrir þær hættur sem stöðja að borgum í ríka heiminum þá eru sveitasamfélög á óshólmum Ganges, Mekong og Nílar í meiri hættu af flóðum og fellibyljum vegna loftslagsbreytinga, og einnig víðáttumikil fátækrahverfi í borgum þróunarríkjanna.

Hættur og varnarleysi sem tengist loftslagsbreytingum stafar frá náttúruöflum. En þær eru einnig afleiðing af gerðum manna og

Við sýnum skeytingarleysi og óstjórn að því er varðar vistkerfi okkar. Í reynd er kynslóð okkar að safna ósjálfbærum vistfræðilegum skuldum sem komandi kynslóðir munu erfa

Table 1

Carbon footprints at OECD levels would require more than one planet <sup>a</sup>

	CO <sub>2</sub> emissions per capita (t CO <sub>2</sub> )	Equivalent global CO <sub>2</sub> emissions <sup>b</sup> (Gt CO <sub>2</sub> )	Equivalent number of sustainable <sup>c</sup> carbon budgets
	2004	2004	
World <sup>d</sup>	4.5	29	2
Australia	16.2	104	7
Canada	20.0	129	9
France	6.0	39	3
Germany	9.8	63	4
Italy	7.8	50	3
Japan	9.9	63	4
Netherlands	8.7	56	4
Spain	7.6	49	3
United Kingdom	9.8	63	4
United States	20.6	132	9

a. As measured in sustainable carbon budgets.

b. Refers to global emissions if every country in the world emitted at the same per capita level as the specified country.

c. Based on a sustainable emissions pathway of 14.5 Gt CO<sub>2</sub> per year.

d. Current global carbon footprint.

Source: HDRO calculations based on Indicator Table 24.

ákvörðunum. Þetta er önnur hlið vistfræðilegrar gagnkvæmni sem stundum gleymist. Þegar fólk í bandarískri borg kveikir á loftkælingunni eða fólk í Evrópu ekur bílum sínum, hafa gerðir þess afleiðingar. Þessar afleiðingar tengja það sveitasamfélögum í Bangladesh, bændum í Eþíopíu og íbúum fátækrahverfa á Haítí. Þessum mannlegu tengslum fylgir siðræn ábyrgð, þar á meðal ábyrgð á að velta fyrir sér – og breyta – orkustefnu sem skaðar annað fólk eða komandi kynslóðir.

### Röksemdir fyrir aðgerðum

Ef heimurinn grípur nú þegar til aðgerða verður mögulegt – með naumindum – að halda hitastigi hnattarins á 21. öldinni innan við 2°C yfir því sem var fyrir iðnvæðingu. Að ná þessu marki krefst öflugrar forystu og alþjóðlegar samvinnu, meiri en áður hefur þekkt. Samt sem áður eru loftslagsbreytingar ógnun sem skapar tækifæri. Fyrst og fremst veitir hún heiminum tækifæri til að sameinast í sameiginlegu átaki gegn þeirri vá sem gæti stöðvað framfarir.

Þau gildi sem voru leiðarljós höfunda Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna eru áhrifamikil viðmiðun. Það skjal

var svar við þeim pólitísku mistökum sem leiddu af sér öfgafulla þjóðerniskennnd, fasisma og heimsstyrjöld. Það grundvallaði ákveðin réttindi – borgaraleg, pólitísk, menningarleg, félagsleg og efnahagsleg – fyrir „alla menn“. Litið var á þau gildi sem sett voru fram í Mannréttindayfirlýsingunni sem siðareglur fyrir mannleg samskipti sem myndu koma í veg fyrir „tillitsleysi og lítilsvirðingu á mannréttindum sem valdið hefur villimannlegum aðgerðum og ofboðið samvisku mannkynsins“.

Höfundar Mannréttindayfirlýsingar innar litu um öxl á mannlegan harmleik, heimsstyrjöldina síðari, sem þá var nýafstaðin. Loftslagsbreytingar eru af öðrum toga. Þær eru mannlegur harmleikur sem er að verða til. Að leyfa þessum harmleik að ganga yfir væru pólitísk mistök sem verðskuldudu þá lýsingu „að hafa ofboðið samvisku mannkynsins“. Þau væru kerfisbundið brot á mannréttindum hinna fátæku í heiminum og komandi kynslóða, og skref afturábak frá alþjóðlegum gildum. Aftur á móti myndi það að hindra hættulegar loftslagsbreytingar vekja vonir um þróun fjölbjóðlegra lausna á fleiri vandamálum sem alþjóðasamfélagið stendur frammi fyrir. Loftslagsbreytingar beina til okkar geysilega flóknum spurningum sem taka til raunvísinda, hagfræði og alþjóðasamskipta. Úr þessum vandamálum verður að leysa með hagnýtum aðferðum. Þó er mikilvægt að missa ekki sjónar á viðtækari málefnum sem eru í veði. Hið raunverulega val, sem blasir við stjórn málaforingjum og almenningi, er annars vegar alþjóðleg sammannleg gildi og hins vegar þátttaka í viðtækum og kerfisbundnum mannréttindabrotum.

Frumforsenda þess, að koma í veg fyrir hættulegar loftslagsbreytingar, er að viðurkenna þrjú höfudeinkenni vandans. Í fyrsta lagi eru það sameiginleg áhrif þess að þverskallast við og stigvaxandi áhrif loftslagsbreytinga. Þegar koltvísýringi (CO<sub>2</sub>) og öðrum gróðurhúsalofttegundum hefur verið sleppt út endast þær lengi í gufuhvolfinu. Það eru engir hraðspólunarhnappar til að draga úr magninu. Fólk sem verður uppi við upphaf 22. aldar mun lifa með afleiðingunum losunar okkar á sama hátt og við lifum með afleiðingunum losunar

frá því að iðnbyltingin hófst. Tímaskortur er augljós afleiðing þess að þveskallast við loftslagsbreytingum. Jafnvel strangar aðgerðir til úrbóta hafa ekki áhrif á breytingar á meðalhita fyrr en á miðjum fjórða áratugnum - og hitastig nær ekki hámarki fyrr en 2050. Með öðrum orðum, á fyrri helmingi 21. aldar mun heimurinn almennt, og sér í lagi hinir fátæku, verða að búa við loftslagsbreytingar sem við erum þegar ofurseld.

Síaukna loftslagsbreytingar hafa margvísleg áhrif. Ef til vill er það mikilvægast að kolefnisferli fylgir ekki pólitísku tímaferli. Þeir stjórnáamenn sem nú eru við völd geta ekki leyst vandamál loftslagsbreytinga vegna þess að stefnu um kolefnislosun, sem á að bera árangur, verður að fylgja, ekki árum, heldur áratugum saman. En þeir hafa þó völd til að halda opnum möguleikanum fyrir komandi kynslóðir, eða hafast ekki að.

Önnur áskorun loftslagsbreytinganna er nauðsynskjötraviðbragða – sem er óhjákvæmileg afleiðing þess að þveskallast við. Á mörgum öðrum sviðum alþjóðasamskipta eru afleiðingar af aðgerðaleyfi eða töfum á samningum takmarkaðar. Alþjóðaviðskipti eru dæmi um þetta. Þau eru svið þar sem samningaviðræður geta stöðvast og verið teknar upp að nýju án þess að það valdi langvarandi tjóni á samningsefninu – sem sjá má af hinni sorglegu sögu Doha-viðræðnanna. Þegar um loftslagsbreytingar er að ræða eykur hvert ár sem samningar dragast magn gróðurhúsalofttegundanna og er ávisun á hærra hitastig í framtíðinni. Á þeim sjö árum sem hafa liðið frá því að Doha-viðræðurnar hófust (svo að samlíkingunni sé haldið áfram) hefur magn gróðurhúsalofttegunda aukist um 12 ppm af CO<sub>2</sub>e - og þetta magn verður enn til staðar þegar viðskiptaviðræður 22. aldar munu hefjast.

*The Human Development Report 2007/2008* comes at a time when climate change—long on the international agenda—is starting to receive the very highest attention that it merits. The recent findings of the IPCC sounded a clarion call; they have unequivocally affirmed the warming of our climate system and linked it directly to human activity.

The effects of these changes are already grave, and they are growing. This year's Report is a powerful reminder of all that is at stake: climate change threatens a 'twin catastrophe', with early setbacks in human development for the world's poor being succeeded by longer term dangers for all of humanity.

We are already beginning to see these catastrophes unfold. As sea levels rise and tropical storms gather in intensity, millions of people face displacement. Dryland inhabitants, some of the most vulnerable on our planet, have to cope with more frequent and more sustained droughts. And as glaciers retreat, water supplies are being put at risk.


This early harvest of global warming is having a disproportionate effect on the world's poor, and is also hindering efforts to achieve the MDGs. Yet, in the longer run, no one—rich or poor—can remain immune from the dangers brought by climate change.

I am convinced that what we do about this challenge will define the era we live in as much as it defines us. I also believe that climate change is exactly the kind of global challenge that the United Nations is best suited to address. That is why I have made it my personal priority to work with Member States to ensure that the United Nations plays its role to the full.

Tackling climate change requires action on two fronts. First, the world urgently needs to step up action to mitigate greenhouse gas emissions. Industrialized countries need to make deeper emission reductions. There needs to be further engagement of developing countries, as well as incentives for them to limit their emissions while safeguarding economic growth and efforts to eradicate poverty.

Adaptation is the second global necessity. Many countries, especially the most vulnerable developing nations, need assistance in improving their capacity to adapt. There also needs to be a major push to generate new technologies for combating climate change, to make existing renewable technologies economically viable, and to promote a rapid diffusion of technology.

Climate change threatens the entire human family. Yet it also provides an opportunity to come together and forge a collective response to a global problem. It is my hope that we will rise as one to face this challenge, and leave a better world for future generations.



Ban Ki-moon  
Secretary-General of the United Nations

Ekkert ríki getur eitt og óstutt sigrað í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Sameiginlegt átak er ekki valkostur heldur nauðsyn

Það eru engar augljósar sögulegar hliðstæður við það hversu brýnn vandi loftslagsbreytingar eru. Í kalda stríðinu var hinn mikli fjöldi kjarnaflauga, sem beint var að borgum, alvarleg ógnun við öryggi mannsins. En framkvæmdaleysi var stefna til að halda ógninni í skefjum. Sameiginleg viðurkenning á gagnkvæmri gereyðileggingu kom á ógnarjafnvægi. Þegar um loftslagsbreytingar er að ræða tryggir aðgerðaleysi hins vegar frekari uppsöfnun gróðurhúsalofttegunda, og gagnkvæma eyðileggingu á þróunargetu mannsins.

Þriðji mikilvægi eiginleiki vanda loftslagsbreytinga er að hann er hnattrænn. Gufuhvolf jarðar gerir ekki greinarmun á gróðurhúsalofttegundum eftir upprunaríkjum. Eitt tonn af gróðurhúsalofti frá Kína hefur sama vægi og eitt tonn af gróðurhúsalofti frá Bandaríkjunum – og losun í einu ríki er loftslagsbreytingavandi í öðru. Af þessu leiðir að ekkert ríki getur eitt og óstutt sigrað í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Sameiginlegt átak er ekki valkostur heldur nauðsyn. Þegar Benjamín Franklín undirritaði sjálfstæðisfirlýsingu Bandaríkjanna árið 1776, er sagt að hann hafi mælt þessi orð: „Vér verðum öll að standa saman annars munum við örugglega falla saman“. Í þessum heimi ójöfnuðar kann sumt fólk – einkum það fátæka – að falla fyrir en annað ef ekki tekst að þróa sameiginlegar lausnir. Þegar öllu er á botninn hvolft er þetta er vá sem hægt er að koma í veg fyrir en ógnar öllum þjóðum og öllum ríkjum. Við höfum líka val um að standa fast saman og smíða sameiginlegar lausnir eða falla hvert í sínu lagi.

### Að grípa tækifærið – 2012 og síðar

Þegar við stöndum frammi fyrir jafn skelfilegum vanda og loftslagsbreytingum gætu uppgjöf og svartskýni sýnst afsakanleg viðbrögð. En uppgjöf og svartskýni eru munaður sem hinir þurfsandi í heiminum og komandi kynslóðir geta ekki veitt sér – og það er til annar kostur.

Það er ástæða til bjartsýni. Fyrir fimm árum var enn rökrætt um það hvort loftslagsbreytingar væru að eiga sér stað eða ekki og hvort þær væru af manna völdum. Efasemdir um loftslagsbreytingar blómstruðu.

Nú er umræðunni lokið og efasemdir um loftslagsbreytingar heyra til undantekninga. Í fjórðu matsskýrslu Alþjóðlega umræðuhóps SP um loftslagsbreytingar er lagt fram samhljóða vísindalegt álit um að loftslagsbreytingar séu bæði raunverulegar og af manna völdum. Næstum allar ríkisstjórnir standa að þessu álit. Eftir útgáfu Stern-skýrslunnar um hagræn áhrif loftslagsbreytinga, *The Economics of Climate Change*, eru flestar ríkisstjórnir sammála um að við höfum efni á að leita lausna við loftslagsbreytingum – miklu fremur en að verða fyrir þeim kostnaði sem aðgerðaleysi hefði í för með sér.

Pólítískur þrýstingur er einnig að aukast. Margar ríkisstjórnir setja djarfleg markmið um að draga úr losum gróðurhúsalofttegunda. Ráðstafanir til að draga úr loftslagsbreytingum eru nú fastur liður á dagskrá funda átta helstu iðnríkja heims (G8). Og skoðanaskipti milli iðnríkja og þróunarríkja aukast.

Allt eru þetta jákvæðar fréttir. En minna ber á raunhæfum árangri. Þótt ríkisstjórnir kunni að viðurkenna að hlýnun jarðar sé raunveruleg, eru pólítískar aðgerðir langt frá því lágmarki sem þarf til að leysa loftslagsbreytingavandann. Bilið milli vísindalegra sannana og pólítískra viðbragða er enn stórt. Í hinum iðnvædda heimi eiga sum ríki enn eftir að setja sér metnaðarfull markmið um að minnka losun á gróðurhúsalofttegundum. Önnur hafa sett sér metnaðarfull markmið án þess að gera þær umbætur á orkustefnu sem þarf til að þau náist. Kjarni vandans er að veröldina skortir skýran, trúverðugan og varanlegan aðgerðaramma um leiðina til að forðast hættulegar loftslagsbreytingar – leið sem brúar bilið milli pólítískra ferla og kolefnisferla.

Þegar núverandi skuldbindingar Kyoto-bókunarinnar renna út árið 2012 hefur alþjóðasamfélagið tækifæri til að setja upp þessar burðarstöðir. Það þarf djarfa forystu til að grípa þetta tækifæri. Ef það tapast er heiminum ýtt enn lengra út á braut hættulegra loftslagsbreytinga.

Þróuð ríki verða að vera í fararbroddi. Á þeim hvílir söguleg ábyrgð á vandanum vegna loftslagsbreytinga. Og þau hafa fjármagn og tæknikunnáttu til að hefja sem fyrst róttækar

aðgerðir sem draga úr losun kolefnis. Að setja verðmiða á kolefni með skattlagningu eða kvótakerfum er fyrsta skrefið. En ekki er nægilegt að ákveða markaðsverð. Þróun regluverks og sameiginleg þáttaka hins opinbera og einkaaðila í breytingum sem minnka kolefnislosun eru einnig forgangsverkefni.

Meginreglan um „sameiginlega en mismikla ábyrgð“ – ein af meginstöðum Kyoto-rammasamningsins – felur ekki í sér að þróunarríkin eigi að vera aðgerðalaus. Trúverðugleiki allra fjölþjóðasamninga er háður þátttöku stórra losunaraðila meðal þróunarríkja. En grundvallarreglur um jöfnuð og mikilvægi þróunar með auknum aðgangi að orku útheimtir að þróunarríkin geti stefnt að lágri kolefnislosun eftir því sem geta þeirra leyfir.

Alþjóðleg samvinna gegnir mikilvægu hlutverki á mörgum sviðum. Átakið til að minnka hnattræna losun myndi eflast verulega ef Kyoto-rammasamningur eftir 2012 innihéldi hugmyndir um yfirfærslu fjármagns og tækni. Þessar aðgerðir gætu stuðlað að röskum framgangi þeirrar kolefnisrýru tækni sem þarf til að forðast hættulegar loftslagsbreytingar. Samvinna um að styðja verndun og sjálfbæra nýtingu regnskóga myndi einnig stuðla að því að minnka kolefnislosun.

Einnig verður að sinna forgangsverkefnum vegna aðlögunar. Of lengi hefur verið fjallað um aðlögun að loftslagsbreytingum sem jaðarverkefni fremur en mikilvægan þátt hins alþjóðlega verkefnis að draga úr fátækt. Brýnt er að draga úr losun kolefnis þar sem það er forsenda þess að forðast megi hættulegar loftslagsbreytingar í framtíðinni. En ekki má skilja hina efnaminni í heiminum eftir, til að bjarga sér sem best þeir mega, meðan auðugu ríkin vernda borgara sína með mótvægis-aðgerðum gegn loftslagsbreytingum. Mannúðarástæður og virðing fyrir mannréttindum krefjast ríkari alþjóðaskuldbindinga um aðlögun.

### Arfleifð okkar

Kyoto-rammasamningur eftir 2012 mun hafa mikil áhrif á áætlanir um að draga úr áhrifum loftslagsbreytinga – og bregðast við þeim breytingum sem nú eru ómflýjanlegar.

Viðræður um þennan rammasamning verða mótaðar af ríkisstjórnnum sem hafa mjög mismunandi samningsaðstöðu. Áhrifamiklir hagsmunaaðilar á viðskiptasviðinu munu einnig láta til sín taka. Þegar ríkisstjórnir hefja samninga um nýja Kyoto-bókun sem tekur gildi 2012 er mikilvægt að þær beini athygli að tveimur hópum sem eru atkvæðalitlir en gera kröfu til félagslegs réttlætis og virðingar fyrir mannréttindum: hinum fátæku í heiminum og komandi kynslóðum.

Fólk sem daglega berst fyrir bættum lífsskjörum þrátt fyrir sára fátækt og sult ætti að ganga fyrir um stuðning og að njóta samstöðu. Það á vissulega betra skilið en stjórn málaforingja sem koma saman á alþjóðlegum fundum, setja háfleyg þróunarmarkmið og grafa síðan undan þessum markmiðum með því að gera ekki ráðstafanir gegn loftslagsbreytingum. Og börn okkar og barnabörn eiga að geta treyst á okkur þegar framtíð þeirra – og jafnvel líf – er í húfi. Þau eiga líka betra skilið en stjórn málaforingja sem horfa á mestu ógnun sem mannkynið hefur staðið frammi fyrir og aðhafast ekkert. Afdráttarlaust sagt, fátækar þjóðir og komandi kynslóðir mega ekki við því andvaraleysi og undanbrögðum sem enn einkenna alþjóðlegar viðræður um loftslagsbreytingar. Þeim ofbýður einnig misræmi orða forystumanna iðnríkjanna um hættuna af loftslagsbreytingum og orkustefnu þeirra.

Brasilíska umhverfissinninn Chico Mendes dó fyrir tuttugu árum þegar hann reyndi að koma í veg fyrir eyðileggingu Amasón-regnskógarins. Áður en hann dó talaði hann um tengslin milli staðbundinnar baráttu sinnar og hnattrænnar viðleitni til að efla félagslegt réttlæti: „Í fyrstu hélt ég að ég berðist til að bjarga gúmmítrjám, síðan hélt ég að ég berðist til að bjarga Amasón-regnskóginum. Nú geri ég mér ljóst að ég berst til að bjarga mannkyninu.”

Baráttan gegn hættulegum loftslagsbreytingum er hluti af baráttu mannsins. Að sigrá í þeirri baráttu krefst víðtækra breytinga á mörgum sviðum – á neyslu, á því hvernig við framleiðum og verðleggjum orku og á alþjóðlegri samvinnu. Framar öðru mun það þó krefjast víðtækra breytinga á því hvernig við hugsum um vistfræðilega gagnkvæmni, um félagslegt

Fátækar þjóðir og komandi kynslóðir mega ekki við því andvaraleysi og undanbrögðum sem enn einkenna alþjóðlegar viðræður um loftslagsbreytingar



Figure 2

Rich countries—  
deep carbon  
footprintsCO<sub>2</sub> emissions  
(t CO<sub>2</sub> per capita)2004 ●  
1990 ○United States  
20.6  
19.3Canada  
20.0  
15.0Russian  
Federation  
10.6  
13.4 (1992)United Kingdom  
9.8  
10.0France  
6.0  
6.4China  
3.8  
2.1

Egypt 2.3 1.5

Brazil 1.8 1.4

Viet Nam 1.2 0.3

India 1.2 0.8

Nigeria 0.9 0.5

Bangladesh 0.3 0.1

Tanzania 0.1 0.1

Ethiopia 0.1 0.1

Source: CDIAC 2007.

réttlæti fyrir hina fátæku, og um mannréttindi og rétt komandi kynslóða.

### Ógnun loftslagsbreytinga á 21. öldinni

Hlýnun jarðar á sér þegar stað. Hitastig í heiminum hefur hækkað um nálægt 0,7°C frá upphafi iðnbyltingarinnar – og hækkar með vaxandi hraða. Yfirgnæfandi vísindalegar sannanir tengja þessa hitahækkun við aukningu á gróðurhúsalofttegundum í gufuhvolfi jarðar.

Það eru engin skörp skil milli hættulegra og hættulausra loftslagsbreytinga. Margar af fátækustu þjóðum heims og viðkvæmustu vistkerfum eru þegar knúin til að aðlaga sig að hættulegum loftslagsbreytingum. En þegar komið er yfir 2°C mörkin mun hættan á víðtækri afturför í þróun lífskjara og óafturkræfum vistfræðilegum slysum aukast verulega.

Óbreyttar viðskiptavenjur munu færa heiminn langt yfir þessi mörk. Ef helmingslíkur eiga að vera á því að takmarka hitaaukninguna við 2°C miðað við hitastig fyrir iðnbyltingu þarf magn gróðurhúsalofttegunda að verða stöðugt við um 450 ppm af kolefnisígildi (CO<sub>2</sub>e). Stöðugt ástand við 550 ppm CO<sub>2</sub>e yki líkurnar í 80% á því að fara yfir mörkin. Í einkalífinu myndu fáir vísitandi gera neitt sem hefði í för með sér jafn alvarlega slyshættu. Sem alþjóðasamfélag erum við samt að stofna plánetunni Jörð í miklu meiri hættu. Horfur fyrir 21. öldina benda til að mögulega náist stöðugt ástand við meira en 750 ppm af CO<sub>2</sub>e og hugsanlega hitahækkun yfir 5°C.

Hitahorfur segja líka til um möguleg áhrif á þróun lífskjara. Meðalbreytingar á hitastigi í þeim mæli sem spáð er, ef haldið verður áfram á sömu braut, hrinda af stað stórvægilegri afturför á þróun lífskjara, grafa undan lífsviðurværi fólks og valda þjóðflutningum. Við lok 21. aldar gætu horfurnar á vistfræðilegu stórslysi hafa breyst frá mörkum hins mögulega til hins sennilega. Nýlegar sannanir eru fyrir bráðnun jökla á Suðurskautslandinu og á Grænlandi, súrnun hafanna, hopi regnskóganna og þiðnun sífrerans á norðurslóðum og allt getur þetta – hvert fyrir sig eða samverkandi – valdið því að ekki sé hægt að snúa dæminu við.

Þáttur hvers ríkis í þeirri losun kolefnis sem nú hækkar magn gróðurhúsalofttegunda í

gufuhvolfinu er mjög mismunandi. Í auðugum ríkjum búa 15% íbúa jarðarinnar en þau leggja til um helming losunar á CO<sub>2</sub>. Mikill hagvöxtur í Kína og á Indlandi bendir til hægfara jöfnunar á heildarlosun á heimsvísu. En losun á íbúa er breytilegri. Losun á hvern íbúa í Bandaríkjunum er fimm sinnum meiri en í Kína og meira en 15 sinnum meiri en í Indlandi. Í Eþíópíu er meðallosun á íbúa 0,1 tonn af CO<sub>2</sub> samanborið við 20 tonn í Kanada.

Hvað þarf heimurinn að gera til að koma á losunarstefnu sem ekki veldur hættulegum loftslagsbreytingum? Við leitum svara við þeirri spurningu með því að gera loftslagslíkön. Líkönin fela í sér kolefnisáætlun fyrir 21. öldina.

Að öllu óbreyttu myndi kolefnisáætlun heims fyrir orkutengda losun nema um 14,5 Gt af CO<sub>2</sub>e á ári. Núverandi losun nemur tvöföldu þessu magni. Slæmu tíðindin eru að losunin fer vaxandi. Niðurstaðan: Við yrðum búin að fylla kolefnisáætlunina fyrir alla 21. öldina þegar árið 2032. Í reynd erum við að safna ósjálfbærum vistfræðilegum skuldum sem kalla hættulegar loftslagsbreytingar yfir komandi kynslóðir.

Greining kolefnisáætlana veldur einnig áhyggjum vegna þáttar þróunarríkjanna í losun gróðurhúsalofttegunda. Það stefnir í að sá þáttur aukist en það ætti ekki að draga athygli okkar frá ábyrgð ríku þjóðanna. Ef hver maður í þróunarríkjunum losaði jafn mikið kolefni og meðalmaður í Þýskalandi eða Bretlandi væri núverandi losun í heiminum fjórfalt það magn sem við skilgreinum sem viðunandi losun og það yrði nífalt ef hver maður í þróunarríkjunum losaði jafn mikið og gerist í Bandaríkjunum og Kanada.

Að breyta þessari mynd krefst róttækra aðgerða. Ef heimurinn væri eitt ríki væri sú aðgerð að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um helming til 2050 miðað við árið 1990 og halda samsvarandi lækkun áfram til loka 21. aldar. En heimurinn er ekki eitt ríki. Við teljum, með því að nota sennilegar forsendur, að til að forðast hættulegar loftslagsbreytingar þurfi auðugu ríkin að draga úr losun um minnst 80%, með 30% minnkun um 2020. Losun frá þróunarríkjunum næði hámarki um 2020, með 20% minnkun um 2050.

Markmið okkar um stöðugt ástand er strangt en við höfum ráð á því. Frá því nú til ársins 2030 yrði meðalkostnaður árlega 1,6% af vergri landsframleiðslu. Þetta er ekki lítilvæg fjárfesting. En hún er minni en tveir þriðju af því sem heimurinn eyðir til hermála. Kostnaðurinn við aðgerðaleysi yrði miklu hærri. Samkvæmt Stern-skýrslunni gæti hann numið 5-20% af vergri landsframleiðslu í heiminum, eftir því hvernig kostnaðurinn er metinn.

Sé litið á það hvert losunin hefur stefnt hingað til sýnir það umfang þeirrar ógnunar sem vænta má. Orkutengd losun koltvísýrings hefur aukist hratt frá 1990, viðmiðunarárinu fyrir þá minnkun sem samþykkt var samkvæmt Kyoto-bókuninni. Ekki staðfestu öll þróuð ríki markmið bókunarinnar en það hefði lækkað meðaltal losunar um 5%. Flestum þeirra sem staðfestu markmiðin gengur illa að standa við skuldbindingar sínar. Og fá þeirra ríkja sem betur gengur geta haldið því fram að þau hafi minnkað losun vegna fylgis við þá stefnu að milda loftslagsbreytingar. Kyoto-bókunin setti engar magntakmarkanir á losun frá

þróunarríkjum. Ef losun næstu 15 árin fylgir línulega stefnu síðustu 15 ára verða hættulegar loftslagsbreytingar óumflýjanlegar.

Spár um orkunotkun benda í þessa átt, eða eru svartsýnni. Núverandi fjárfestingamynstur stuðlar að kolefnisfreku orkukerfi sem að miklu leyti byggist á notkun kola. Miðað við núverandi tilhneigingu gæti orkutengd losun koltvísýrings aukist um 50% fyrir 2030 frá því sem hún var árið 2004. Áætlan Bandaríkjamanna um að verja 20 billjónum dollara frá 2004 til 2030 til að uppfylla orkuþarfir gæti stefnt heiminum í feril ósjálfbærni. Hins vegar gætu nýjar fjárfestingar hjálpað til að afkola hagvöxt.

### Veðuröfgar: hættur og varnarleysi í heimi misskiptingar

Veðuröfgar hafa þegar haft mikil áhrif á líf hinna fátæku. Atburðir eins og þurrkar, flóð og fellibyljir eru oft hræðileg reynsla fyrir þá sem fyrir þeim verða: þeir ógna lífi fólks og skapa öryggisleysi. En áföll vegna veðurs hefta einnig skilyrði fyrir þróun lífskjara,

Map 1 Mapping the global variation in CO<sub>2</sub> emissions





Figure 3

The 21<sup>st</sup> Century carbon budget is set for early expiry

Note: IPCC scenarios describe plausible future patterns of population growth, economic growth, technological change and associated CO<sub>2</sub> emissions. The A1 scenarios assume rapid economic and population growth combined with reliance on fossil fuels (A1FI), non-fossil energy (A1T) or a combination (A1B). The A2 scenario assumes lower economic growth, less globalization and continued high population growth. The B1 and B2 scenarios contain some mitigation of emissions, through increased resource efficiency and technology improvement (B1) and through more localized solutions (B2).

Source: Meinshausen 2007.

grafa undan framleiðni og takmarka getu mannsins. Veðuröfgar verða ekki raktar beint til loftslagsbreytinga. En loftslagsbreytingar auka hættur og varnarleysi hinna fátæku þjóða. Þær auka álag á vistkerfið, sem þegar á í vök að verjast, þannig að fólk býr við vaxandi skort.

Varnarleysi gegn áföllum vegna veðurs skiptist misjafnlega. Fellibylurinn Katrín var sterk áminning um varnarleysi fólks gegn slíkum áföllum, jafnvel í auðugum ríkjum – einkum þegar við bætist mismunun í hjálparstarfi. Um allan hinn iðnvædda heim hefur almenningur vaxandi áhyggjur af alvarlegum veðuröfngum. Hvert flóð, fellibylur og hitabylgja eykur þessar áhyggjur. Þó eru áföll af þeim sökum einkum bundin við fátæku ríkin. Um 262 milljónir manna urðu fyrir slíkum áföllum árlega frá 2000 til 2004, yfir 98% þeirra í þróunarríkjunum. Í ríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) varð einn af hverjum 1500 mönnum fyrir barðinu á veðurofsa. Sambærilegar tölur fyrir þróunarríki eru einn af hverjum 19 sem er 79 sinnum meiri áhætta.

Mikil fátækt og lágt þróunarstig takmarka getu fátækra fjölskyldna til að bregðast við loftslagsógnun. Takmarkaður aðgangur að formlegum tryggingum, lágur tekjur og lítil efni valda því að fátækar fjölskyldur verða að fást við áföll af völdum veðurs við mjög erfið skilyrði.

Aðgerðir til að fást við óblítt veðurfar geta aukið skort. Til að minnka áhættu láta framleiðendur á þurrkasvæðum oft hjá líða að rækta arðbærar nytjaplöntur og kjósa þess í stað plöntur sem gefa minna af sér en þola þurrka. Þegar loftslagsáföll dynja yfir neyðast þeir fátæku oft til að selja arðbærar eignir til að hafa til hnífs og skeiðar og það hefur áhrif á afkomuhorfur þeirra. Og þegar það nægir ekki grípa fjölskyldurnar til annarra ráða: til dæmis að fækka máltíðum, draga úr útgjöldum til heilbrigðismála og taka börn úr skóla. Þetta eru örvæntingarráðstafanir sem geta valdið því að fólk standi höllum fæti alla ævi, læst í fátæktargildru.

Rannsóknir sem gerðar voru fyrir þessa skýrslu undirstrika hve illvígur þessar gildir geta verið. Við notuðum gögn um einstakar fjölskyldur og könnuðum ýmis langtímaáhrif loftslagsáfalla á líf hinna fátæku. Í Eþíópíu og Kenýu, tveimur af þeim ríkjum heims þar sem þurrkahætta er mest, eru börn fimm ára og yngri í hvoru ríki um sig 36% og 50% líklegri til að glíma við vannæringu ef þau voru fædd á þurrkatímabili. Í Eþíópíu þýddi þetta 2 milljónir vannærðra barna til viðbótar árið 2005. Í Níger voru börn tveggja ára og yngri, fædd á þurrkaári, 72% líklegri til að ná ekki fullum þroska en ella. Og indverskar konur fæddar meðan flóðin 1970 stóðu yfir voru 19% ólíklegri til að hafa gengið í grunnskóla en þær sem fæddust utan flóðatímans.


Varanlegur skaði fyrir efnahagslega þróun af völdum veðurafalla er vanmetinn. Fréttir fjölmiðla af loftslagstengdum hörmungum eiga oft stóran þátt í skoðanamyndun – og sýna þær hörmungar sem fylgja slíkum áföllum. En þær skapa einnig þann skilning að þetta séu skammtímafyribæri og draga athyglina frá þeim langtímaáhrifum sem flóð og þurrkar hafa á fólk.

Loftslagsbreytingar gera ekki gera boð á undan sér sem hamfarir í lífi hinna fátæku.



Figure 4

## Halving emissions by 2050 could avoid dangerous climate change



Það verður aldrei mögulegt að rekja neinn einstakan atburð til loftslagsbreytinga. En loftslagsbreytingar munu stöðugt auka hættuna á áföllum vegna veðurs meðal fátækra og varnarlausra fjölskyldna og kalla meira eftir aðferðum til að bregðast við þeim, því með tímanum rýra þessi áföll getu manna til framfærslu.


Við greinum fimm mikilvæga áhrifaþætti loftslagsbreytinga sem gætu stöðvað og síðan valdið afturför í þróun lífsskjara.

- *Akuryrkja og örugg fæðuöflun.* Loftslagsbreytingar hafa áhrif á úrkomu, hita og vatnsöflun til akuryrkju á viðkvæmum svæðum. Til dæmis gætu þurrkasvæði

Afríku sunnan Sahara stækkað um 60-90 milljónir hektara, þannig að afrakstur þurrkasvæða gæti minnkað sem næmi 26 milljörðum dollara um 2060 (verðlag 2003) sem er herra en tvíhliða styrkur til svæðisins 2005. Á öðrum þróunarsvæðum – þar á meðal í Suður-Ameríku og Suður-Asíu – dregst einnig framleiðsla í akuryrkju saman og það grefur undan viðleitni til að draga úr fátækt í sveitum. Fjölgun þeirra sem þjást af vannæringu gæti numið 600 milljónum um 2080.

- *Vatnsálag og ótrygg vatnsöflun.* Breytt afrenslismynstur og bráðnun jökla auka álag á vistkerfið, stofna öflun áveituvatns

**Figure 5** Disaster risks are skewed towards developing countries



í hættu og þar með búsvæðum manna. Um 2080 gætu 1,8 milljarðar manna búið í umhverfi þar sem vatn er af skornum skammti. Mið-Asía, Norður-Kína og norðurhluti Suður-Afríku eru í mikilli hættu vegna bráðnunar jökla sem í Himalajafjöllum hopa 10-15 metra á ári. Í sjö af stærstu vatnasviðum Asíu mun afrennsli aukast stuttan tíma en síðan minnka eftir því sem jöklar bráðna. Á Andes-svæðinu er yfirvofandi hætta á vatnsskortri þegar jöklar hitabeltisins eyðast. Í nokkrum ríkjum á svæðum þar sem vatn er þegar af skornum skammti, svo sem Miðausturlöndum, gæti orðið mikill vatnsskortur.


- *Hækkandi sjávarborð og hætta á loftslagsáföllum.* Sjávarborð gæti hækkað hratt þegar jöklar taka að eyðast hraðar. Hnattræn hitaaukning um 3-4°C gæti valdið því að 330 milljónir manna yrðu að flytjast búferlum um lengri eða skemmri tíma vegna flóða. Þetta gæti haft áhrif á 70 milljónir manna í Bangladess, 6 milljónir í Egyptalandi og 22 milljónir í Víetnam. Lítil

eyríki í Kyrrahafi og Karíbahafi gætu orðið fyrir stórtjóni. Hlýnun hafanna mun einnig valda öflugri fellibyljum í hitabeltinu. Fellibyljir í hitabeltinu ógna nú um 344 milljónum manna og því gætu öflugri byljir valdið mikilli eyðileggingu í fjölda ríkja. Sá milljarður manna, sem nú býr í fátækrahverfum í borgum, í óstöðugum hlíðum eða á árbökkum með flóðahættu, er mjög berskjaldaður.

- *Vistkerfi og líffjölbreytni.* Loftslagsbreytingar eru þegar teknar að umbreyta vistkerfum. Um helmingur af kóralrifjum heims hefur upplitast vegna hlýnunar hafanna. Hækkað sýrustig í höfunum er önnur langtíma ógnun við lífríki sjávarins. Kuldasækið lífríki hefur einnig orðið fyrir eyðileggjandi áhrifum loftslagsbreytinga, einkum á heimskautasvæðunum. Þótt sumar dýra- og plöntutegundir aðlagi sig, er hraði loftslagsbreytinganna of mikill fyrir margar tegundir: loftslagskerfi breytast of hratt til að þær geti fylgt þeim. Við 3°C hitaaukningu eru 20-30% af tegundum landdýra í útrýmingarhættu.
- *Heilbrigði manna.* Ríkar þjóðir eru þegar að undirbúa heilbrigðiskerfi sín til að fást við áföll vegna veðurs í framtíðinni á borð við

**Figure 6** Climate change will hurt developing countries agriculture


**Change in agricultural output potential (2080s as % of 2000 potential)**




*Source: Cline 2007.*

Figure 7

## Latin America's retreating glaciers



Peru  
2006 **1,370sq.km** 1970 **1,958sq.km**



Bolivia  
2006 **396sq.km** 1975 **562sq.km**



Ecuador  
2006 **79sq.km** 1976 **113sq.km**



Colombia  
2006 **76sq.km** 1950 **109sq.km**



Venezuela  
2006 **2sq.km** 1950 **3sq.km**

Source: Painter 2007, based on data from the Andean Community.

hitabylgjuna í Evrópu 2003 og stærri sveiflur í veðráttu sumars og veturs. En mestu áhrif á heilbrigði munu gera vart við sig í þróunarríkjunum vegna mikillar fátæktar og takmarkaðrar getu heilbrigðiskerfanna til að bregðast við. Mjög lífshættulegir sjúkdómar gætu breiðst út. Til dæmis gætu 220-400 milljónum fleiri sýkst af malaríu – sjúkdómi sem þegar krefst um einnar milljónar mannlífa á ári. Beinbrunasótt hefur þegar fundist í meiri hæð en áður,

einkum í Suður-Ameríku og hlutum Austur-Asíu. Loftslagsbreytingar gætu aukið útbreiðslusvæði sjúkdómsins frekar.

Enginn af þessum fimm áhrifaþáttum verkar einangraður. Þeir verka gagnkvæmt með félagslegum, efnahagslegum og vistfræðilegum ferlum sem móta tækifæri fyrir þróun lífshjúrnanna. Óhjákvæmilega mun þessi blanda áhrifaþátta frá loftslagsbreytingum á þróun lífshjúrnanna verða breytileg milli og innan ríkja. Enn er óvissa á mörgum sviðum. Það sem er víst er að hættulegar loftslagsbreytingar geta haft öflug áhrif á þróun lífshjúrnanna í fjölmörgum ríkjum. Andstætt efnahagslegum áföllum sem hafa áhrif á vöxt eða verðbólgu er líklegt að mörg áföll reynist óafturkræf fyrir þróun lífshjúrnanna – til dæmis glötuð tækifæri til heilbrigði og menntunar og missir mikilvægra vistkerfa.

#### Að forðast hættulegar loftslagsbreytingar: áætlanir til mildunar

Til að forðast þær hættur sem stafa af loftslagsbreytingum og eiga sér engin fordæmi þarf sameiginlegt átak í alþjóðlegri samvinnu sem á sér enga hliðstæðu. Samningaviðræður um takmörk losunar á skuldbindingartímabili Kyoto-bókunarinnar eftir 2012 geta – og verða – að fjalla um hnattræna áætlun um kolefnislosun. En viðunandi hnattræn losunarstefna hefur aðeins þýðingu ef hún er yfirfærð í raunsæjar landsbundnar aðgerðir – og landsbundnar áætlanir um losun kolefnis. Mildun loftslagsbreytinga snýst um að breyta því hvernig við framleiðum og notum orku. Og það snýst um að lifa innan marka vistfræðilegrar sjálfbærni.

Að setja trúverðug markmið sem tengjast því að minnka hnattræna losun er fyrsta skrefið til þess að gera losunina viðunandi. Þessi markmið geta lagt grunninn að kolefnisáætlunum sem tengja nútíð og framtíð með samfelldri röð áætlana. En trúverðugum markmiðum þarf að fylgja eftir með skýrri stefnu. Hingað til eru skýrslur á þessu sviði ekki uppörvandi. Fæst þróuð ríki hafa náð markmiðum samkvæmt Kyoto-bókuninni. Kanada er sláandi dæmi. Í sumum tilvikum hafa verið sett metnaðargjörn „Kyoto-plús-markmið“. Bæði Bretland og Evrópusambandið hafa sett sér slík markmið. Af

Mildun loftslagsbreytinga snýst um að breyta því hvernig við framleiðum og notum orku. Og það snýst um að lifa innan marka vistfræðilegrar sjálfbærni

Enda þótt hraður vöxtur endurnýjanlegrar orku sé uppörvandi er heildarþróunin langt frá því sem mögulegt er

ýmsum ástæðum er ólíklegt að þau nái settum markmiðum nema þau bregðist skjótt við og geri mildun loftslagsbreytinga að þungamiðju nýrrar orkustefnu.

Tvö stór OECD-ríki eru óbundin af markmiðum Kyoto-bókunarinnar. Ástralir hafa stutt víðtækar sjálfviljugar aðgerðir en árangur af því hefur verið misjafn. Bandaríkin hafa ekki alríkisstefnu um að draga úr losun. Þess í stað hafa þau markmið um minnkað kolefnishlutfall sem er mælikvarði á skilvirkni. Vandinn er sá að aukin skilvirkni hefur ekki komið í veg fyrir stóraukna losun. Þar sem alríkismarkmið er ekki fyrir hendi hafa nokkur ríki Bandaríkjanna sett sér eigin markmið um minni losun. Lög Kaliforníu um hnattræna hlýnun (Global Warming Solutions Act) sett 2006 eru djarflegt átak til að tengja markmið um að draga úr gróðurhúsalofttegundum umbótum á orkustefnu.

Að setja metnaðarfull markmið um mildun er mikilvægt fyrsta skref. Að breyta markmiðum í stefnu er mikil pólitísk áskorun. Fyrsta skrefið: að verðleggja kolefnislosun. Breytt og hvetjandi kerfi er mikilvæg forsenda hraðari breytinga í átt að kolefnisrýrri þróun. Það besta væri að kolefnisverð væri það sama um allan heim. Þetta er ekki pólitískt raunhæft í náinni framtíð þar sem heimurinn hefur ekki það stjórnkerfi sem til þarf. Raunhæfara væri að auðugu ríkin þróuðu kerfi til verðlagningar á kolefni. Þegar þessi kerfi þróast gætu þróunarríkin orðið þátttakendur í þeim smátt og smátt eftir því sem aðstæður leyfðu.

Til eru tvær leiðir til að verðleggja kolefni. Sú fyrri er að leggja beinan skatt á losun koltvísýrings. Mikilvægt er að skattlagning á kolefni hafi ekki í för með sér aukna heildarskattbyrði. Skatttekjurnar má nota á efnahagslega hlutlausan hátt til að styðja frekari umbætur á umhverfissköttum – til dæmis lækkun skatta á vinnu og fjárfestingar. Aðlaga þyrfti skattmörk í ljósi þess hvert losun gróðurhúsalofttegunda stefnir. Ein aðferð sem að mestu samræmist leið okkar til viðunandi losunar væri að leggja á skatt sem næmi USD 10-20/t CO<sub>2</sub> árið 2010 og hækkaði árlega um USD 5-10/t CO<sub>2</sub> að markinu USD 60-100/t CO<sub>2</sub>. Slík aðferð sæi fjárfestum og mörkuðum

fyrir skýru og fyrirsjáanlegu kerfi til að skipuleggja komandi fjárfestingar. Og það væri öflug hvatning til kolefnisrýrrar þróunar.

Hin leiðin til verðlagningar kolefnis er kvótakerfi. Þegar slíkt kerfi er notað setur ríkisstjórnin hámark á kolefnislosun og gefur út framseljanlega kvóta sem veita fyrirtækjum rétt til að losa ákveðið magn. Þeir sem geta minnkað losun á ódýrari hátt geta selt kvóta sinn. Einn hugsanlegur ókostur kvótakerfis er óstöðugt orkuverð. Hugsanlegur kostur er víska um umhverfisáhrif: hámarkið er í sjálfu sér magntakmörkun á losun. Þar sem brýnt er að ná mikilli og hraðri minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda geta vel hönnuð kvótakerfi verið lykilkættir í því að draga úr loftslagsbreytingum.

Áætlun Evrópusambandsins um viðskipti með losunarkvóta (Emissions Trading Scheme, ETS) er stærsta kvótakerfi í heimi. Þótt mikið hafi áunnist eru enn alvarleg vandamál sem þarf að leysa. Hámark fyrir losun hefur verið sett allt of hátt, einkum vegna þess að aðildarríki Evrópusambandsins hafa ekki staðist þrýsting öflugra hagsmunaaðila. Sumir gearar – einkum orkugeirinn – hafa orðið sér úti um óvæntan gróða á kostnað almennings. Og aðeins lítið brot af ETS-kvótum – minna en 10% á öðru stigi – er hægt að selja en það sviptir ríkisstjórnir skatttekjum sem notaðar yrðu til að gera umbætur á skattkerfinu, skapar möguleika til pólitískra afskipta og veldur óskilvirkni. Væri úthlutun á ETS-kvóta takmörkuð í samræmi við skuldbindingu Evrópusambandsins um 20-30% minnkun á losun fyrir 2020 myndi það hjálpa til að samræma kolefnismarkaðinn þeim markmiðum.

Kolefnismarkaðir eru nauðsynleg forsenda þróunar yfir í kolefnisrýrt hagkerfi. Þeir eru ekki fullnægjandi forsenda. Ríkisstjórnir hafa það mikilvæga hlutverk að ákveða staðla og styðja rannsóknir, þróun og útfærslu sem stuðlar að kolefnissparnaði.

Það er enginn skortur á jákvæðum dæmum. Notkun endurnýjanlegrar orku eykst vegna þess að hvetjandi reglur hafa verið settar. Í Þýskalandi hefur taxtinn fyrir sölu inn á orkunetið aukið hlut framleiðenda endurnýjanlegrar orku á landsnetinu. Bandaríkin hafa með góðum

**Table 2 Emission reduction targets vary in ambition**

Greenhouse gas reduction targets and proposals	Near term (2012–2015)	Medium term (2020)	Long term (2050)
<b>HDR sustainable emissions pathway (for developed countries)</b>	<b>Emissions peaking</b>	<b>30%</b>	<b>at least 80%</b>
<b>Selected countries</b>			
	<b>Kyoto targets <sup>a</sup> (2008–2012)</b>	<b>Post-Kyoto</b>	
European Union <sup>b</sup>	8%	20% (individually) or 30% (with international agreement)	60–80% (with international agreements)
France	0%	–	75%
Germany	21%	40%	–
Italy	6.5%	–	–
Sweden	4% increase (4% reduction national target) (by 2010)	25%	–
United Kingdom	12.5% (20% national target)	26–32%	60%
Australia <sup>c</sup>	8% increase	–	–
Canada	6%	20% relative to 2006 (12% increase relative to 1990)	60–70% relative to 2006 (84–98% reduction relative to 1990)
Japan	6%	–	50%
Norway	1% increase (10% reduction national target)	30% (by 2030)	100%
United States <sup>c</sup>	7%	–	–
<b>Selected United States state-level proposals</b>			
Arizona	–	2000 levels	50% below 2000 (by 2040)
California	2000 levels (by 2010)	1990 levels	80% below 1990 levels
New Mexico	2000 levels (by 2012)	10% below 2000 levels	75% below 2000 levels
New York	5% below 1990 (by 2010)	10% below 1990 levels	–
Regional Greenhouse Gas Initiative (RGGI) <sup>d</sup>	Stabilization at 2002–2004 levels (by 2015)	10% below 2002–2009 levels (by 2019)	–
<b>Selected United States Congress proposals</b>			
Climate Stewardship and Innovation Act	2004 levels (by 2012)	1990 levels	60% below 1990 levels
Global Warming Pollution Reduction Act	–	2% per year reduction from 2010–2020	80% below 1990 levels
Climate Stewardship Act	2006 level (by 2012)	1990 levels	70% below 1990 levels
Safe Climate Act of 2007	2009 level (by 2010)	2% per year reduction from 2011–2020	80% below 1990 levels
<b>United States non-governmental proposals</b>			
United States Climate Action Partnership	0–5% increase of current level (by 2012)	0–10% below “current level” (by 2017)	60–80% below “current level”

**a.** Kyoto reduction targets are generally against 1990 emission levels for each country, by 2008–2012, except that for some greenhouse gases (hydrofluorocarbons, perfluorocarbons and sulphur hexafluoride) some countries chose 1995 as their base year.

**b.** Kyoto targets only refer to 15 countries which were members of the European Union in 1997 at the time of signing.

**c.** Signed but did not ratify the Kyoto Protocol, therefore commitment is not binding.

**d.** Participating states include Connecticut, Delaware, Maine, Maryland, Massachusetts, New Hampshire, New Jersey, New York, Rhode Island and Vermont.

Source: Council of the European Union 2007; Government of Australia 2007; Government of California 2005; Government of Canada 2007; Government of France 2007; Government of Germany 2007; Government of Norway 2007; Government of Sweden 2006; Pew Center on Climate Change 2007c; RGGI 2005; The Japan Times 2007; UNFCCC 1998; USCAP 2007.

árangri notað hvetjandi skattstefnu til að stuðla að þróun blómlegs vindorkuiðnaðar. Enda þótt hraður vöxtur endurnýjanlegrar orku sé uppörvandi er heildarþróunin langt frá því sem mögulegt er – og því sem þarf til að draga úr loftslagsbreytingum. Flest OECD-lönd hafa

getu til að auka hlutfall endurnýjanlegrar orku af orkuframleiðslu sinni í að minnsta kosti 20%.

Aukin orkuskilvirkni getur gefið tvöfaldan ábata. Hún getur minnkað losun koltvísýrings og orkukostnað. Ef öll raftæki í notkun í OECD-löndum árið 2005 hefðu uppfyllt bestu

orkustaðla, hefðu sparast um 322 Mt CO<sub>2</sub> í kolefnislosun fyrir 2010 – sem jafngildir því að taka 100 milljónir bíla úr umferð. Notkun rafmagns á heimilum hefði minnkað um fjórðung.

Flutningar fólks eru annað svið þar sem staðlar geta gefið tvöfaldan ábata. Bílaflotinn veldur um 30% af losun gróðurhúsalofttegunda í iðnríkjum – og hlutfallið fer hækkandi. Staðlar eru mikilvægir því að þeir geta haft áhrif á skilvirkni flotans, eða meðaltallíttra á 100 km (og þar með losun koltvísýrings). Í Bandaríkjunum hafa staðlar um eldsneytisskilvirkni orðið vægari með tímanum. Þeir eru nú lægri en í Kína. Ef staðlarnir væru hertir um 12 l/100 km myndi það minnka olúeyðslu um 3,5 milljón tunnur á dag og spara 400 Mt CO<sub>2</sub> losun á ári – sem er meira en öll losun í Tælandi. Viðleitni til að hækka staðla um eldsneytisskilvirkni mætir oft andstöðu öflugra hagsmunaaðila. Í Evrópu hafa til dæmis tillögur framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um að hækka staðla mætt andstöðu sambands bílaframleiðenda. Nokkur aðildarríki hafa hafnað tillögunum og það vekur viðtækari spurningar um getu Evrópusambandsins til að breyta markmiðum varðandi loftslagsbreytingar í áþreifanlega stefnu.

Alþjóðleg verslun gæti leikið miklu stærra hlutverk í því að stækka markað fyrir vistvænt eldsneyti. Brasilía stendur frammar en bæði Evrópusambandið og Bandaríkin í því að framleiða etanól. Etanól unnið úr sykri er einnig skilvirkara til að minnka kolefnislosun. Vandinn er að innflutningur á etanóli frá Brasilíu er takmarkaður með háum innflutningstollum. Ef þessir tollar væru felldir niður væri það ekki einungis hagstætt fyrir Brasilíu, heldur myndi það einnig draga úr loftslagsbreytingum.

Hröð þróun og útfærsla á kolefnisrýrri tækni er mikilvæg til að draga úr loftslagsbreytingum. Að velja sigurvegara í samkeppni um tækni er varhugavert. Ríkisstjórnir eiga í besta falli misjafnan feril. En þegar þær standa frammi fyrir hættu sem ógnar öllum ríkjum og af þeirri stærðargráðu sem loftslagsbreytingar eru, geta þær ekki leyft sér að bíða átekta eftir því að markaðurinn leysi málið. Orkubúskapur er svið

þar sem fjárfestingastefna, þröngur tímarammi og óvissa sameinast og koma örugglega í veg fyrir að markaðinum einum takist að koma á tæknilegri breytingu með þeim hraða sem þarf til að draga úr loftslagsbreytingum. Á fyrri tímum hafa meiri háttar tæknafræk komið í kjölfar ákvarðana ríkisstjórna: Manhattanáætlunin og geimferðaáætlun Bandaríkjanna eru dæmi um þetta.


Binding koltvísýrings og geymsla (CCS) er lykiltækni sem markar tímamót. Kol eru helsti orkugjafi fyrir rafmagnsframleiðslu í heiminum. Kolabirgðir er víða að finna. Ásamt hækkandi verði á olíu og gasi er þetta ein ástæða þess að kol eru áberandi þáttur í orkuframleiðslu ríkja með mikla kolefnislosun svo sem Kína, Indlands og Bandaríkjanna. CCS-tækni er mikilvæg vegna þess að hún gefur kost á kolakyntri orkuframleiðslu með nánast engri kolefnislosun. Með virkari áætlun um fjárfestingar almennings og einkaaðila, ásamt verðlagningu á kolefni, mætti þróa CCS-tæknina og beita henni með meiri hraða. Bæði Bandaríkin og Evrópusambandið hafa getu til að setja upp a.m.k. 30 tilraunaverksmiðjur fyrir 2015.

Lág orkuskilvirkni í þróunarríkjunum er eins og stendur ógnun við viðleitni til að draga úr loftslagsbreytingum. Aukin skilvirkni með alþjóðlegri samvinnu gæti breytt þeirri ógnun í tækifæri og í leiðinni skapað mikinn ávinning fyrir þróun lífskjara. Við sýnum þetta með því að athuga áhrif af hraðari tæknipróun á CO<sub>2</sub>-losun í kolaiðnaði í Kína. Aðeins í Kína yrði losun árið 2030 1,8 Gt CO<sub>2</sub> undir þeim mörkum sem spáð er af Alþjóðaorkumálast ofnuninni. Þessi tala nemur um helmingi af núverandi losun í Evrópusambandinu. Svipaðri aukningu á skilvirkni er hægt að ná á öðrum svæðum.

Aukin orkuskilvirkni er nokkuð sem alltaf leiðir til ávinnings. Þróunarríki munu hafa ávinning af aukinni orkuskilvirkni og minni umhverfismengun. Öll ríki hefðu ávinning af minnkaðri koltvísýringslosun. Því miður er stjórnkerfi til að skapa þetta hagstæða ástand ekki til í heiminum eins og stendur. Við leggjum til þá leið, að á vegum Kyoto-rammasamningsins eftir 2012 verði stofnaður



Figure 8

Coal set to raise CO<sub>2</sub> emissions in power sectorCO<sub>2</sub> emissions from power generation, 2004 and 2030 (projected Gt CO<sub>2</sub>)

Note: 2030 emissions refer to the IEA Reference scenario as defined in IEA 2006c.

Source: IEA 2006c.

sjóður til að draga úr loftslagsbreytingum (Climate Change Mitigation Facility, CCMF) til að fylla þessa eyðu. Sjóðurinn myndi verja 25-50 milljörðum dollara á ári til að fjármagna kolefnissparandi orkusfjárfestingar í þróunarríkjum. Fjárveitingar myndu fara eftir aðstæðum í einstökum ríkjum og væri möguleiki á styrkjum, stuðningi við ívilnanir og áhættutryggingum. Aðstoð væri byggð á áætlunum. Hún tæki til viðbótarkostnaðar við að ná skilgreindum markmiðum um minnkun losunar með því að auka vægi stefnu um þjóðareign á sviðum sem tengjast endurnýjanlegri orku, hreinum kolum og eflingu staðla um orkuskilvirkni fyrir flutninga og byggingar.

Eyðing skóga er annað mikilvægt viðfangsefni fyrir alþjóðlega samvinnu. Heimurinn er nú að missa þær kolefniseignir sem regnskógarnir geyma fyrir brot af því markaðsvirði sem þær hefðu verið á, jafnvel við lágt kolefnisverð. Í Indónesíu myndi hver

dollari sem aflað væri með eyðingu skóga til að rækta pálmatré til olíuframleiðslu breytast í 50-100 dollara tap ef hægt væri að versla með minnkaða kolefnisrýmmd á vegum áætlunar ESB um viðskipti með losunarkvóta (ETS). Burtséð frá þessu markaðstapi er eyðing regnskóganna eyðing á auðlind sem er mikilvæg fyrir hina fátæku og þjónar mikilvægu hlutverki sem vistkerfi og viðheldur líffræðilegri fjölbreytni.

Ástæða er til að kanna getu kolefnismarkaða til að skapa hvatningu til að stöðva eyðingu skóga. Almennt séð mætti nota kolefnisfjárfestingu til að styðja endurheimt beitilands, hagræði af því að draga úr loftslagsbreytingum, aðlögun og sjálfbært umhverfi.


### Aðlögun að hinu óumflýjanlega: landsbundnar aðgerðir og alþjóðleg samvinna

Heimurinn getur ekki forðast hættulegar loftslagsbreytingar nema gripið sé til brýnna aðgerða til að milda þær. En jafnvel hördustu aðgerðir munu ekki nægja til að hindra meiri háttar afturför í þróun lífsskjara. Heimurinn er þegar ofurseldur frekari hlýnun vegna innbyggðrar tregðu loftslagskerfa og tímans sem það tekur að aðgerðir beri árangur. Á fyrri helmingi 21. aldar er enginn annar kostur en að laga sig að loftslagsbreytingum.

Auðugu ríkin hafa þegar viðurkennt nauðsyn aðlögunar. Mörg þeirra fjárfesta verulega í þróun ráðstafana til að verjast loftslagsbreytingum. Mörg ríki gera áætlanir um að búa sig undir sveiflukenndara og óvissara veðurfar í framtíðinni. Bretar verja 1,2 milljörðum dollara á ári til flóðavarna. Í Hollandi fjárfestir fólk í húsum sem geta flotíð á vatni. Skíðaiðnaðurinn í svissnesku ölpunum fjárfestir í vélum til að búa til gervisnjó.

Þróunarríkin standa frammi fyrir mun brýnni nauðsyn á aðlögun. Ríkisstjórnir með mjög takmörkuð fjárráð, og fátæka fólkíð sjálft, verða að bregðast við. Á Norðausturhorni Afríku þýðir „aðlögun“ að konur og ungar stúlkur verða að ganga lengri leið til að afla vatns. Á óshólmum Ganges reisir fólk bambusskýli á stólpum vegna flóðahættu. Og á óshólmum Mekong plantar fólk fenjaviði til

Figure 9

Increased coal efficiency could cut CO<sub>2</sub> emissions

a. Based on IEA alternative policy scenario but assumes 45% average efficiency levels in coal power plants and 20% carbon capture and storage (CCS) for new plants (2015-2030)

Source: Watson 2007.

verndar gegn fellibyljum, og konum og börnum er kennt að synda.

Mismunandi geta til að aðlaga sig að loftslagsbreytingum verður sífellt meira áberandi. Í hluta heims – þeim ríkari – felst aðlögunin í því að reisa varnarmannvirki og byggja hús sem geta *flotið* á vatni. Í hinum hlutanum felst aðlögunin í því að kenna fólkinu sjálfu að *fljóta* á vatnsflaumnum. Gagnstætt því fólki sem býr á bak við flóðvarnargarðana í London og Los Angeles skilja ungar stúlkur á Norðaustur-horni Afríku og fólkið á óshólmum Ganges ekki eftir sig mikið kolefni í umhverfinu. Eins og Desmond Tutu, fyrrum erkibiskup í Höfðaborg, hefur sagt, erum við að færast nær aðskilnaðarstefnu á sviði aðlögunar.

Þegar aðlögun að loftslagsbreytingum er skipulögð standa ríkisstjórnir í þróunarríkjum andspænis ógnunum á mörgum sviðum. Þær ógna innviðum þeirra. Í Egyptalandi gætu flóð á óshólmasvæðunum breytt skilyrðum til akuryrkju. Breytingar á straumum við strendur Suður-Afríku gætu stofnað sjávarútvegi í Namibíu í hættu. Í mörgum ríkjum myndu skilyrði til raforkuframleiðslu með vatnsafla breytast. Til að bregðast við loftslagsbreytingum þarf samþætta aðlögun á öllum sviðum stefnumótunar og áætla til að draga úr

fátækt. En geta til að gera áætlanir og beita þeim er takmörkuð.

- *Upplýsingar.* Mörgaffátækusturíkjum heims hafa hvorki getu né bolmagn til að meta hættuna af loftslagsbreytingum. Í Afríku sunnan Sahara er mikil fátækt í sveitum og fólk þarf að treysta á akuryrkju sem háð er úrkomu og það gerir veðurupplýsingar nauðsynlegan þátt aðlögunar. En hvergi í heiminum er minna um veðurstöðvar en á þessu svæði. Í Frakklandi eru fjárframlög til veðurathugana 388 milljónir dollara á ári, samanborið við aðeins 2 milljónir í Eþíópíu. Fundur átta helstu iðnríkja heims (G8) árið 2005 lofaði aðgerðum til að efla getu Afríkuþjóða til veðurathugana. En efndir hafa ekki verið nálægt því sem lofað var.
- *Grunnkerfi.* Við aðlögun að loftslagsbreytingum gildir, eins og á öðrum sviðum, að betra er heilt en vel gróið. Hver sú upphæð sem varið er til að fyrirbyggja loftslagsleysi í þróunarríkjum getur komið í veg fyrir sjöfalt meira tap. Í Banglades hafa rannsóknir meðal fátækra íbúa á óshólmum sýnt að aðlögun að flóðahættu getur eftir afkomumöguleika fólks, jafnvel við mjög erfiðar aðstæður. Mörg ríki hafa ekki efnahagslegt bolmagn til að aðlaga grunnkerfi sitt. Auk þess að koma í veg fyrir hörmungar getur þróun félagslegs grunnkerfis til vatnsöflunar minnkað varnarleysi fólks og gert því kleift að bregðast við umhverfishættum. Samtök sveitarfélaga og ríkisstjórna í indverskum ríkjum svo sem Andhra Pradesh og Gujarat eru dæmi um þann árangur sem hægt er að ná.
- *Félagslegar tryggingar.* Loftslagsbreytingar skapa vaxandi hættur fyrir þá fátæku. Félagslegar varnaráætlanir geta hjálpað fólki að mæta þessum hættum og samtímis aukið tækifæri til atvinnu, fæðuöflunar og menntunar. Í Eþíópíu er áætlun um öryggi framleiðslu (Productive Safety Net Programme) tilraun til að efla getu fátækra heimila til að bregðast við þurrkum án þess að þurfa að fórna tækifærum til heilsugæslu og menntunar. Í Suður-Ameríku hafa skilyrt fjárframlög verið mikið notuð til að styðja víðtæk þróunarmarkmið, þar á meðal



að viðhalda grunnetu samfélagsins við skyndilegt neyðarástand. Í Suður-Afríku hafa fjárframlög runnið á þurrkatímabilum til að viðhalda framleiðslugetu þegar til lengri tíma er litið. Þótt félagslegar varnaraðgerðir séu aðeins smávægilegur hluti þess sem varið er til aðlögunar að loftslagsbreytingum gætu þær skapað mikinn ávinning í þróun lífskjara.

Röksemdir fyrir alþjóðlegum aðlögunaraðgerðum byggjast á fyrri skuldbindingum, sameiginlegum gildum, alþjóðlegri skuldbindingu um að draga úr fátækt og ábyrgð ríkra þjóða á vanda loftslagsbreytinga. Samkvæmt ákvæðum Rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (UNFCCC), er ríkisstjórnnum Norðurlanda skylt að stuðla að eflingu aðlögunargetu. Stuðningur við 2015–markmiðin [Þúsaldarmarkmiðin] er einnig öflug röksemd fyrir aðgerðum: aðlögun er lykilsenda þess að sett markmið fyrir 2015 náist og skapaðar verði aðstæður til sjálfbærrar þróunar. Beiting lagalegrar grundvallarreglu um vernd gegn tjóni og skadabætur skapar frekari ástæðu til aðgerða.

Svo að notað sé hógvært orðalag þá hafa alþjóðleg viðbrögð í þágu aðlögunar verið fjarri því að vera fullnægjandi. Nokkrar leiðir til fjölþjóðlegrar fjárfestingar hafa verið skapaðar, þar á meðal sjóður vegna vanþróuðustu ríkja (Least Developed Country Fund) og sérstakur sjóður vegna loftslagsbreytinga (Special Climate Change Fund). Úthlutun úr þessum sjóðum hefur verið takmörkuð. Heildarfjármögnun til þessa hefur verið 26 milljónir dollara – hlægileg upphæð. Til samanburðar er þetta það sama og varið er á einni viku til flóðavarnaráætlunar Bretlands. Fjármögnun sem nú er lofað er 279 milljónir dollara sem dreifast á nokkur ár. Þetta er framför frá því sem verið hefur en enn aðeins brot af því sem þarf. Það samsvarar minna en helmingi þess sem Þýska ríkið Baden-Wurtemberg ætlar að verja til að styrkja flóðavarnir.

Það eru ekki aðeins líf og afkoma hinna fátæku sem þarf að vernda með aðlögun. Áætlunum um aðstoð er einnig ógnað. Við áætlum að um þriðjungur af núverandi

Table 3

The multilateral adaptation financing account

Adaptation fund	Total pledged (US\$ million)	Total received (US\$ million)	Total disbursed (less fees) (US\$ million)
Least Developed Countries Fund	156.7	52.1	9.8
Special Climate Change Fund	67.3	53.3	1.4
Adaptation Fund	5	5	–
<b>Sub-total</b>	<b>229</b>	<b>110.4</b>	<b>11.2</b>
Strategic Priority on Adaptation	50	50	14.8 <sup>a</sup>
<b>Total</b>	<b>279</b>	<b>160.4</b>	<b>26</b>

a. Includes fees.

Note: data are as of 30th April 2007.


Source: GEF 2007a, 2007b, 2007c.

þróunaraðstoð beinist til svæða sem eru í ýmiss konar hættu vegna loftslagsbreytinga. Að gera hjálparáætlanir óháðar þessari ógnun mun krefjast um 4,5 milljarða dollara framlags til viðbótar. Samtímis stuðla loftslagsbreytingar að því að hjálpin beinist að afleiðingum hamfara. Þetta hefur verið það svið þar sem hjálparframlög vaxa hraðast og voru 14% af heildarskuldbindingum 2005.

Mat á fjármagnspörf til aðlögunar er í sjálfu sér erfitt. Ekki er til landsbundið mat á hættum vegna loftslagsbreytinga og skorti á vörnum og því hlýtur sérhvert mat að byggjast á ágiskunum. Ágiskun okkar er að fram til 2015 muni þurfa minnst 44 milljarða dollara á ári til þróunar loftslagsöryggis (verðlag 2005). Annað forgangssvið er að byggja upp sveigjanleika fólks. Þörf er á fjárfestingu í félagslegri vernd og viðtækari stefnu um þróun lífskjara til að efla getu fólks sem stendur höllum fæti til að bregðast við aðstedjandi hættu. Við teljum að minnst 40 milljarða dollara þurfi fyrir 2015 til að styðja landsbundnar áætlanir um að draga úr fátækt með hliðsjón af hættu vegna loftslagsbreytinga. Til samanburðar samsvarar þessi upphæð um 0,5% af áætlaðri vergri landsframleiðslu (GDP) ríkja með lágur og meðaltekjur árið 2015. Gera þarf öflugri ráðstafanir vegna hamfara og endurreisnar eftir þær því meiri líkur sem eru á þurrkum, flóðum, fellibyljum og skriðuföllum. Mat okkar er að til þess þurfi 2 milljarða dollara á ári.

Líta ber á fjármagnspörf til aðlögunar sem nýjar og auknar skuldbindingar. Þær ættu að vera viðbót frekar en skipting

Figure 10 Developed country investments dwarf international adaptation funds



Source: Abbott 2004; DEFRA 2007 and GEF 2007.

In a world that is so divided by inequalities in wealth and opportunity, it is easy to forget that we are part of one human community. As we see the early impacts of climate change registering across the world, each of us has to reflect on what it means to be part of that family.

Perhaps the starting point is to reflect on the inadequacy of language. The word 'adaptation' has become part of the standard climate change vocabulary. But what does adaptation mean? The answer to that question is different things in different places.

For most people in rich countries adaptation has so far been a relatively painfree process. Cushioned by heating and cooling systems, they can adapt to extreme weather with the flick of a thermostat. Confronted with the threat of floods, governments can protect the residents of London, Los Angeles and Tokyo with elaborate climate defence systems. In some countries, climate change has brought benign effects, such as longer growing seasons for farmers.

Now consider what adaptation means for world's poorest and most vulnerable people—the 2.6 billion living on less than US\$2 a day. How does an impoverished woman farmer in Malawi adapt when more frequent droughts and less rainfall cut production? Perhaps by cutting already inadequate household nutrition, or by taking her children out of school. How does a slum dweller living beneath plastic sheets and corrugated tin in a slum in Manila or Port-au-Prince adapt to the threat posed by more intense cyclones? And how are people living in the great deltas of the Ganges and the Mekong supposed to adapt to the inundation of their homes and lands?

Adaptation is becoming a euphemism for social injustice on a global scale. While the citizens of the rich world are protected from harm, the poor, the vulnerable and the hungry are exposed to the harsh reality of climate change in their everyday lives. Put bluntly, the world's poor are being harmed through a problem that is not

of their making. The footprint of the Malawian farmer or the Haitian slum dweller barely registers in the Earth's atmosphere.

No community with a sense of justice, compassion or respect for basic human rights should accept the current pattern of adaptation. Leaving the world's poor to sink or swim with their own meager resources in the face of the threat posed by climate change is morally wrong. Unfortunately, as the Human Development Report 2007/2008 powerfully demonstrates, this is precisely what is happening. We are drifting into a world of 'adaptation apartheid'.

Allowing that drift to continue would be short-sighted. Of course, rich countries can use their vast financial and technological resources to protect themselves against climate change, at least in the short-term—that is one of the privileges of wealth. But as climate change destroys livelihoods, displaces people, and undermines entire social and economic systems, no country—however rich or powerful—will be immune to the consequences. In the long-run, the problems of the poor will arrive at the doorstep of the wealthy, as the climate crisis gives way to despair, anger and collective security threats.

None of this has to happen. In the end the only solution to climate change is urgent mitigation. But we can—and must—work together to ensure that the climate change happening now does not throw human development into reverse gear. That is why I call on the leaders of the rich world to bring adaptation to climate change to the heart of the international poverty agenda—and to do it before it is too late.



Desmond Tutu  
Archbishop Emeritus of Cape Town

á núverandi hjálparskuldbindingum. Ríkisstjórnir Norðurlanda hafa lofað að tvöfalda hjálparframlög fyrir 2010 en afhending hefur verið misjöfn. Ef framlög bregðast stofnar það 2015–markmiðunum [Þúsaldarmarkmiðunum] í hættu og eykur vandann við aðlögun að loftslagsbreytingum.

Heildarupphæðin vegna nýrrar og aukinnar fjármögnunar til aðlögunar virðist stór – en hana verður að skoða í samhengi. Þurft getur 86 milljarða dollara fyrir 2015 til að komast hjá að dragi úr hjálparframlögum. Það myndi samsvara 0,2% af vergri landsframléiðslu iðnvæddra ríkja, eða um einum tíunda hluta þess sem þau eyða nú til hermála. Á mælikvarða ávinnings fyrir

öryggi manna er fjármögnun aðlögunar mjög kostnaðarskilvirk fjárfesting. Til eru margar nýjungakenndar fjármögnunaraðferðir sem nota mætti til að afla fjármagns. Þar á meðal eru kolefnisskattar, gjöld fyrir kolefniskvóta og sérstök gjöld á loftflutninga og farartæki.

Alþjóðlegur stuðningur við aðlögun verður að ná lengra en til fjármögnunar. Það er ekki aðeins viðvarandi undirfjármögnun sem veikir núverandi alþjóðlegar aðgerðir, heldur einnig skortur á samhæfingu og samhengi. Margvísleg fjölbjóðastarfsemi leggur til minni háttar upphæðir með mjög háum fjármagnskostnaði, mest gegnum sérstök verkefni. Þótt stuðningur sem byggist á einstökum verkefnum sé

mikilvægur þarf að breyta megináherslu aðlögunaráætlana í átt að landsbundnum áætlunum og fjármögnun.

Forgangsverkefni er að samþætta áætlanir um aðlögun við víðtæka stefnu um að draga úr fátækt. Árangursríkri aðlögunarstefnu er ekki hægt að koma á nema jafnframt sé barist gegn þeim orsökum sem búa að baki fátækt, varnarleysi og frekari mismunun vegna efnahags, kyns og staðsetningar. Umræður um stefnumarkandi um aðferðir til að draga úr fátækt (Poverty Reduction Strategy Papers, PRSP) eru hugsanlegur grundvöllur til að samþætta aðlögun við áætlanir um að minnka fátækt. Landsbundin endurskoðun á PSRP til að skilgreina fjármagnsþörf og valkosti um aðlögun gæti verið þungamiðja alþjóðlegrar samvinnu.

### Niðurstaða og tilmæli

Mannkynið stendur frammi fyrir mikilvægum ákvörðunum vegna loftslagsbreytinga. Við getum forðast afturför í þróun líf skjara á 21. öldinni og miklar hættur fyrir komandi kynslóðir en aðeins með brýnum aðgerðum. Menn gera sér almennt ekki grein fyrir hversu brýnt þetta er. Ríkisstjórnir kunna að nota háfleyg orð þegar rætt er um vanda loftslagsbreytinga en aðgerðir þeirra – og aðgerðaleyfi – eru önnur saga. Fyrsta stig aðgerða og pólitískrar forystu er að ríkisstjórnir viðurkenni að þær standi frammi fyrir því sem kann að vera alvarlegasta ógnunin í sögu mannkynsins.

Það kostar átak á mörgum sviðum að mæta þessari ógnun. Höfuðatriðið er ef til vill að hún ræðst gegn hugmyndum okkar að því er varðar framfarir. Það verður ekki sýnt með skýrari hætti að aukið ríkidæmi er ekki það sama og þróun líf skjara. Með núverandi orkustefnu mun efnahagsleg velgengi þýða vaxandi ógnun við þróun líf skjara nú á dögum og ógn við velgengi komandi kynslóða. En kolefnisfrekur hagvöxtur er einkenni á djúpstaðari vanda. Ein erfiðasta lexía sem loftslagsbreytingar kenna okkur er að það efnahagslíkan sem knýr hagvöxtinn og þá siðlausu eyðslu ríkra þjóða sem honum fylgir er ekki vistfræðilega haldbært. Ekki er til stærri áskorun við hugmyndir okkar um framfarir

Table 4

Investing in adaptation up to 2015

Estimated donor country cost	Estimated cost	
	% of OECD GDP 2015	US\$ billion 2015
Climate-proofing development investment	0.1	44
Adapting poverty reduction to climate change	0.1	40
Strengthening disaster response	(.)	2
<b>Total</b>	<b>0.2</b>	<b>86</b>

*Source: HDRO estimates based on GDP projections from World Bank 2007d.*

en sú að laga efnahagsaðgerðir og neyslu að vistfræðilegum staðreyndum.

Baráttan við loftslagsbreytingar krefst þess að við gerum vistfræðilegar kröfur að kjarna hagfræðinnar. Þessi þróun verður að hefjast í hinum iðnvædda heimi – og hún verður að hefjast þegar í stað. Óvissuþættina verður að viðurkenna. Í þessari skýrslu höfum við haldið því fram að með réttum umbótum sé ekki of seint að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda að sjálfbæru marki án þess að fórnar hagvexti: að vaxandi velmegun og loftslagsöryggi séu ekki ósamrýmanlegar stærðir.

Núverandi staða alþjóðlegrar samvinnu og fjölþjóðahyggju er ekki nothæf í þessu skyni. Heimurinn hefur brýna þörf fyrir bindandi alþjóðlegan samning um að minnka losun gróðurhúsalofttegunda til langs tíma en með ströngum markmiðum í náinni og næstu framtíð. Stærstu þróunarríkin verða að vera aðilar að samningnum og skuldbinda sig til að minnka losun. En þessar skuldbindingar þurfa að miðast við aðstæður þeirra og getu og brýnni þörf til að dregið verði úr fátækt. Þeir fjölþjóðasamningar sem ekki innihalda magnbundnar skuldbindingar frá þróunarríkjum verða ekki trúverðugir ljósi loftslagsbreytinga. En engir slíkir samningar verða gerðir nema þeir innihaldi ákvæði um yfirfærslu fjármagns og tækni frá iðnríkjunum sem bera sögulega ábyrgð á loftslagsbreytingunum.

Alþjóðleg samvinna verður einnig að beinast að brýnni aðlögun að loftslagsbreytingum. Þrátt fyrir að farið yrði í strangar aðgerðir til að minnka losun er heimurinn þegar ofurseldur hlýnun jarðar á fyrri helmingi 21. aldar. Þar sem ríkar þjóðir hafa skapað vandann geta þær ekki

Fyrir kynslóð okkar er áskorunin sú að halda tækifærunum opnum með því að sveigja losunarferil gróðurhúsalofttegunda niður á við

staðið hjá og horft á vonir og viðleitni hinna fátæku í heiminum verða að engu vegna þeirrar auknu hættu og úrræðaleysis sem fylgja munu loftslagsbreytingunum.

Baráttan við loftslagsbreytingar er átak margra kynslóða. Fyrir kynslóð okkar er áskorunin sú að halda tækifærunum opnum með því að sveigja losunarferil gróðurhúsalofttegunda niður á við. Heimurinn hefur sögulegt tækifæri til að hefja þetta verk. Árið 2012 rennur út núverandi skuldbindingatímabil Kyoto-bókunarinnar. Sá samningur sem við tekur gæti markað nýja stefnu, sett ströng takmörk á losun í framtíðinni

og verið rammasamningur um sameinadar alþjóðlegar aðgerðir. Samningaviðræður gætu þróast þannig að magnbundin takmörk yrðu sett fyrir 2010 og yrðu þau ríkisstjórnnum markmið fyrir landsbundnar kolefnisáætlanir. Kolefnisáætlanir studdar afróttækum umbótum á orkustefnu og aðgerðum ríkisstjórna, til að breyta hvetjandi kerfum fyrir neytendur og hjárfesta, eru grundvöllur þess að dregið verði úr loftslagsbreytingum með skilvirkum hætti. Það verða allir að leggjast á árar þegar mannleg málefni eru annars vegar. En Kyoto-rammasamningurinn eftir 2012 færist stöðugt nær.

## Tilmæli

### 1 Þróun fjölbjóða rammisamnings til að forðast hættulegar loftslagsbreytingar samkvæmt Kyoto-bókuninni eftir 2012

- Ákveða ætti hámark hættulegrar hlýnunar sem næmu 2°C yfir því sem var fyrir iðnbyltingu.
